

Ed.

370. Frumvarp til laga

[171. mál]

um almannavarnir.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutverk almannavarna er að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða og veita líkn og aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur, enda falli þau störf ekki undir aðra aðilja samkvæmt lögum.

Almannavarnir skulu veita aðstoð samkvæmt fyrirmælum dómsmálaráðherra, ef tjón vofir yfir eða hefur orðið af náttúruhamförum eða annarri vá.

2. gr.

Krefjast má aðstoðar opinberra aðilja, einstaklinga og stofnana til undirbúnings þeim ráðstöfunum, er 1. gr. fjallar um.

Öllum er skylt að veita trúnaðarmönnum almannavarna þær upplýsingar, sem þeir þarfnast til þess að framkvæma þau störf, sem löggin fela þeim.

3. gr.

Á hættutímum er ríkisstjórninni heimilt að gefa út sérstök fyrirmæli um almenna umferð, reglur og öryggi á opinberum stöðum og svæðum, sem almenn-
ingur hefur aðgang að. Sama máli gegnir á öðrum tímum, þegar æfingar í þágu almannavarna standa yfir.

Ef hætta vofir yfir, getur lögreglustjóri bannað að nokkru eða öllu leyti notkun samkomuhúsa og annarra samkomustaða, sem almenn-
ingur hefur aðgang að.

II. KAFLI

Skipulag almannavarna.

4. gr.

Almannavarnir heyra undir dómsmálaráðherra, sbr. þó 5. gr. Hann skipar forstöðumann almannavarna í landinu og setur honum erindisbréf. Skipunin má vera tímabundin.

Forstöðumaður hefur á hendi heildarskipulagningu almannavarna, sér um framkvæmdir á þeim þáttum, er undir ríkisvaldið falla, þ. á m. fjarskipti milli umdæma, mælingu á geislavirkni, viðvörðun, fræðslustarfsemi, kennslu yfirmanna og leiðbeinenda, skipulagningu og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum. Hann hefur enn fremur umsjón með almannavörnum sveitarfélaga.

5. gr.

Landlæknir fer, samkvæmt nánari fyrirmælum heilbrigðismálaráðherra, með stjórn þeirra þátta almannavarna, er varða sjúkrahúsmál, læknismeðferð og hjúkrun á sjúkum og særðum.

Forráðamönnum sjúkrahúsa ber, samkvæmt fyrirmælum landlæknis, að undirbúa og framkvæma ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að geta veitt sjúkum og særðum móttöku og meðferð á hættutímum. Þeim ber og að taka þátt í undirbúningi að stofnun og rekstri varasjúkrahúsa.

6. gr.

Almannavarnaráð, er ráðherra skipar, skal vera til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Í ráðinu eiga sæti, auk forstöðumanns, sbr. 4. gr., sem er formaður þess, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri.

7. gr.

Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi.

Ráðstafanir til almannavarna, sbr. 9. gr., skal hefja, þar sem ríkisstjórnin ákveður, í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sýslunefnd.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að grannhéruð eða bæir hafi samstarf um almannavarnir og veiti gagnkvæma aðstoð.

8. gr.

Í kaupstöðum og annars staðar, sem ástæða þykir til, sbr. 7. gr., skipar sveitarstjórn almannavarnanefnd. Í Reykjavík eiga sæti í nefndinni borgarstjóri, lögreglustjóri, borgarlæknir, borgarverkfræðingur, slökkviliðsstjóri og tveir menn, er borgarráð velur. Annars staðar á landinu skulu nefndirnar skipaðar bæjarstjóra (oddvita), lögreglustjóra, héraðslækni, bæjarverkfræðingi eða byggingafulltrúa, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, og slökkviliðsstjóra. Nú eru framangreindir embættismenn ekki allir heimilisfastir á stað, þar sem ástæða þykir til almannavarna, og

skulu þá lögreglustjóri og héraðslæknir þess umdæmis, ásamt bæjarstjóra (oddvita) á staðnum, tilnefna í þeirra stað menn, er sveitarstjórn skipar síðan til starfsins.

Í Reykjavík er borgarstjóri formaður nefndarinnar, en borgarstjórn skipar nefndinni sérstakan framkvæmdastjóra. Annars staðar eru bæjarstjórar (oddvitar) formenn nefndarinnar.

9. gr.

Almannavarnanefndum er falin skipulagning og framkvæmd eftirtalinna ráðstafana innan umdæma þeirra, samkvæmt nánari reglum, er ráðherra setur:

1. Viðvörðunarkerfi.
2. Skipulagning hjálparstarfs og hjálparliða, þjálfun þeirra og búnaður. Hjálparliðum má skipta í hverfisflokka, er gegna störfum í ákveðnu hverfi þéttbýlis, og umdæmissveitir, sem koma til aðstoðar, ef tjón er það umfangsmikið, að hverfisflokkur fær eigi við ráðið. Flokkar umdæmissveita skulu þjálfaðir í einstökum greinum almannavarna: eldvörnum, björgun og sjúkraflutningum, ruðningsstarfi, hjálparstarfi vegna tjóns af völdum geislavirkni, sýkla eða eiturefna, löggæzlu, fjarskiptabjónustu, tækniþjónustu og félagslegu hjálparstarfi.
3. Eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum og leiðbeiningar á því sviði.
4. Bygging, búnaður og rekstur opinberra öryggisbyrgja, samkvæmt áætlun, sem ráðherra samþykkir.
5. Stjórnstöðvar.
6. Fjarskiptakerfi.
7. Birgðageymslur og birgðavarzla.
8. Undirbúningur og aðstoð vegna brottflutnings og móttöku fólks af hættusvæði.
9. Aðrar ráðstafanir, er ráðherra ákveður, að fengnum tillögum almannavarna-ráðs.

III. KAFLI

Hjálparlið.

10. gr.

Það er borgaraleg skylda þeirra, sem eru á aldrinum 18—65 ára, að gegna, án endurgjalds, starfi í þágu almannavarna í umdæmi, þar sem þeir dveljast, samkvæmt fyrirmælum, er lögreglustjóri gefur, að fengnum tillögum almannavarnanefndar. Ákvörðun lögreglustjóra má skjóta til dómsmálaráðherra.

Kveðja má þá, sem eru á aldrinum 16—18 ára eða yfir 65 ára, til starfs, ef þeir óska þess sjálfir.

Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni starfi í þágu almanna-varna.

Þeim, sem kvaddir hafa verið til starfs, ber að koma til læknisskoðunar, ef nauðsynlegt þykir.

11. gr.

Ef hætta vofir yfir eða tjón hefur orðið, má kveðja hvern fulltíða mann, sem tiltækur er, til tafarlausrar aðstoðar við störf í þágu almannavarna.

12. gr.

Þeir, sem starfa eiga í hjálparliðum, skulu taka þátt í námskeiðum og æfingum, sem þeir hafa verið kvaddir til. Þeim ber að hlýða fyrirmælum og fara eftir starfsreglum. Óheimilt er að hverfa úr starfi án leyfis.

Ef hætta vofir yfir, má starfsmaður ekki fara úr lögsagnarumdæminu án samþykkis lögreglustjóra eða þess, er hann tilnefnir.

13. gr.

Ef maður verður fyrir meiðslum eða tjóni á námskeiði eða æfingu, á hann rétt á bótum.

14. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um starfsskyldu skv. 10. gr. Skal að því stefnt, að starfsskvöð komi sem réttlátast niður á borgarana. Ráðherra ákveður hámarks-tíma fyrir skyldunám og æfingar í þágu almanna-
varna.

IV. KAFLI

Einkavarnir.

15. gr.

Atvinnufyrirtækjum, sem hafa yfir 100 manns við störf á sama stað, er skylt samkvæmt fyrirmælum almanna-
varnanefndar, að gera öryggisráðstafanir á vinnu-
stað í því skyni að draga úr afleiðingum tjóns vegna hernaðaraðgerða.

Ráðherra getur leyst fyrirtæki undan skyldu til einkavarna. Hann getur einnig, ef sérstaklega stendur á, fyrirskipað einkavarnir á vinnustað, enda þótt færri starfi þar en segir í 1. mgr.

16. gr.

Í kaupstöðum og annars staðar, þar sem ástæða þykir til, getur almanna-
varnanefnd skipt svæðum í hverfi. Ber íbúum hvers hverfis að annast einkavarnir með gagnkvæmri hjálp í hverfinu samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur.

17. gr.

Húseigendum er skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að hafa í húsum sínum nauðsynleg björgunar- og eldvarnateki eftir því sem almanna-
varnanefnd ákveður nánar.

Nú er mannvirki þannig háttað, að eyðing þess eða skemmdir á því geta haft í för með sér verulega hættu fyrir umhverfið, og getur ráðherra þá fyrirskipað eiganda eða umráðamanni þess að gera viðeigandi öryggisráðstafanir, enda taki ríkissjóður þá þátt í kostnaði.

Trúnaðarmönnum almanna-
varna er heimill aðgangur að fasteignum til eftirlits með ráðstöfunum til einkavarna.

18. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að sérstakar ráðstafanir til almanna-
varna séu gerðar vegna skipa, flugvéla og annarra samgöngutækja.

19. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um einkavarnir, þar sem m. a. verða ákveðnar hámarkskvaðir, sem leggja má á atvinnufyrirtæki og húseigendur.

Ef fyrirmælum almanna-
varnanefndar um ráðstafanir til einkavarna er ekki hlýtt, má framkvæma þær á kostnað eiganda eða umráðamanns. Kröfu um endurheimt fylgir lögtaksréttur.

Ákvörðun almanna-
varnanefndar um einkavarnir má skjóta til ráðherra.

V. KAFLI

Flutningur fólks af hættusvæðum.

20. gr.

Ef brýna nausyn ber til, að fólk flytji af hættusvæði og komi sér fyrir á öruggari stöðum, getur ríkisstjórnin ákveðið brottflutning.

Ráðherra setur reglur um áætlun og framkvæmd brottflutnings.

21. gr.

Nú hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun samkv. 1. mgr. 20. gr., og er þá öllum skylt, sem um það fá fyrirmæli, að flytja á þeirri stundu, á þann hátt og til þess staðar, sem ákveðið verður.

Engum er heimilt án sérstaks leyfis að flytja frá þeim stað, sem honum hefur verið vísað á.

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi skip, vélknúin ökutæki og flugvélar í því skyni að greiða fyrir brottflutningi þess fólks, sem ekki getur séð sér sjálft fyrir farkosti, svo og lendur og hvers konar húsnæði, sem völ er á, flóttafólki til öryggis, skjóls og aðhlyningar.

Á neyðarstundu er heimilt að gefa eiganda eða umráðamanni húsnæðis fyrirmæli um að taka við fólki, sem flutt hefur verið af hættusvæði, veita því húsaskjól, svo og fæði, ef nauðsynlegt er.

Sveitarfélag, sem flutt er frá, greiðir kostnað vegna húsnæðis og fæðis, sem látið er í té, samkvæmt þessari grein, en á kröfu um endurheimt á hendur þeim, sem fyrirgreiðslunnar hafa notið.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

23. gr.

Stofnunum ríkis og sveitarfélaga er skylt að ljá til almannavarna hús sín og tæki, eftir því sem við verður komið og án sérstaks endurgjalds.

Ráðherra getur krafizt, að ríki eða sveitarfélagi verði fengið til afnota eða umráða lausafjármunir og fasteignir eða hluti af þeim, sem brún þörf er á til almanna- varna, enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða að mati dómkvaddra manna. Heimilt er að gera þær breytingar á eignum, sem þörf er á, til þess að þær komi að tilætluðum notum. Um framkvæmd þessarar greinar skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, eftir því sem við á.

24. gr.

Ákveða má með reglugerð, að í húsi af tiltekinni stærð, sem byggt er eftir gildistöku laga þessara, skuli vera gert öryggisbyrgi fyrir þá, sem í húsinu búa eða starfa. Húseigandi greiðir kostnað vegna byrgisins, og skal það fullnægja þeim lágmarkskröfum um öryggi, sem reglugerðin kveður á um.

25. gr.

Kostnaður samkv. 4. gr. laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Ríkissjóður greiðir kostnað samkvæmt 5. gr., en hlutaðeigandi sveitarstjórnnum ber að endurgreiða þriðjung kostnaðarins. Nú hefur sveitarstjórn fyrir gildistöku laga þessara aflað sjúkrahúsgagna til almanna- varna, og má þá sveitarfélagið greiða sinn hluta kostnaðarins með þeim.

Kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almanna- varna en um getur í 1. og 2. mgr., greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, en endurgreiða skal úr ríkissjóði tvo þriðju hluta kostnaðar af opinberum öryggisbyrgjum, en helming annars kostnaðar.

26. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing varði samkvæmt öðrum lögum.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum nr. 52 27. júní 1941, svo og breytingar á þeim lögum nr. 13 15. maí 1942 og nr. 103 15. desember 1951.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrstu ákvæði í islenzkum lögum um loftvarnaráðstafanir er að finna í bráðabirgðalögum um loftvarnaráðstafanir frá 2. ágúst 1940. Þegar bráðabirgðalögin komu til meðferðar Alþingis var gerð á þeim nokkur breyting og þar á meðal á fyrirsögn laganna og þau gefin út sem „Lög um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum nr. 52 27. júní 1941“.

Allsherjarnefnd Nd., þar sem frv. var lagt fram, beitti sér fyrir breytingum á bráðabirgðalögnum, og segir svo um þær í nefndarálitinu: „Miðast breytingartilögur nefndarinnar, er hér fara á eftir, fyrst og fremst við það, að ekki sé einhlítt að einskorða varnirnar við ráðstafanir gegn loftárásum, þó að þær hljóti að vísu að vera aðalatriðið, heldur verði að hafa í huga hernaðaraðgerðir yfirleitt, hvers eðlis sem eru. Í annan stað þykir nefndinni ekki verða komizt hjá að gera ráð fyrir þeim hörmungum, að fólk neyðist til að flýja heimili sín undan hernaði, ef til vill mjög skyndilega og hópum saman úr þéttbýli. Ef slíkt kemur fyrir, er auðsætt, að róttækra aðgerða getur orðið þörf þvilíku flóttafólki til flutnings“. Var af þessari síðari röksemd bætt inn í bráðabirgðalögin heimild til ríkisstjórnarinnar að taka leigunámi skip, bifreiðir og önnur farartæki, svo og lendur og hvers konar húsnæði, sem völ kann að vera á flóttafólki til öryggis, skjóls og aðhlyningar.

Algjör samstaða var um afgreiðslu málsins í þinginu og það samþykkt í báðum deildum með samhljóða atkvæðum.

Hvorki á Alþingi né annars staðar greindi menn á um nauðsyn þess eða skyldu opinberra stjórnvalda að hafa forgöngu um, að gerðar væru ráðstafanir til varnar og aðstoðar almenningi gegn tjóni af völdum styrjalda, loftárásu eða öðrum hernaðaraðgerðum.

Með l. nr. 103 15. des. 1951 er gerð breyting á lögnum frá 1941. Þar er enn sem fyrr, að sú breyting er staðfesting á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 24. maí 1951, en um ástæðuna fyrir útgáfu þeirra segir svo: „... að síðustu mánuðina hafi verið starfað að athugunum um það, hvað gera skyldi, ef til loftárása eða annarra hernaðaraðgerða kynni að koma hér á landi“. Segir síðan, að sú athugun hafi leitt í ljós, að hentugra væri og eðlilegra að haga skipan loftvarnanefnda með nokkuð öðrum hætti en eldri lögin ákváðu og var það eitt efni þessara bráðabirgðalaga. Enginn ágreiningur var um málið í þinginu og það samþykkt í báðum deildum með samhljóða atkvæðum.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að mönnum þótti á þessum tíma svo uggvænlegt ástand í heiminum, að ekki mætti undir höfuð leggjast að gera hér varúðarráðstafanir. Af þeim sökum var einnig á þessu ári, 1951, gerður „Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins“, 5. maí 1951, og staðfestur á næsta Alþingi sem „Lög um laga-gildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess“, nr. 110 19. des. 1951.

Í júní 1951 var skipuð Loftvarnanefnd Reykjavíkur og tók þegar til starfa, en frá stríðslokum hafði öll slík starfsemi legið niðri hér.

Um starfsemi og aðgerðir Loftvarnanefndar Reykjavíkur liggur fyrir yfirlits-skýrsla. gerð í des. 1956, og fylgir hún þessu frv. sem fylgiskjal nr. I. Af þessari skýrslu verður séð, hvernig málum var komið hér á þessum tíma í Reykjavík, en annars staðar á landinu mun ekki hafa verið aðhafzt.

Síðan voru felldar niður á fjárlögum fyrir árið 1957 allar fjárveitingar af hálfu ríkissjóðs til aðgerða nefndarinnar, en voru áður 750 þús. kr. á móti jafnháu fram-

lagi bæjarsjóðs Reykjavíkur. Reykjavíkurbær hélt áfram óbreyttu framlagi sínu 1957 — en veitti síðan minni upphæðir til nauðsynlegrar varðveizlu þeirra tækja og birgða, sem nefndin hafði aflað.

Þannig var þessum málum komið á síðastliðnu hausti, að allar varúðarráðstafanir til varnar, aðstoðar og líknar almenningi, sem leiða kynnu af hernaðaraðgerðum annarra þjóða, voru með öllu niður fallnar.

Visast um þetta nánar til bréfs Loftvarnanefndar Reykjavíkur til dómsmálaráðherra, dags. 4. okt. 1961, fskj. nr. II.

„Spennan“ í heimsálum hefur hins vegar tæplega verið öllu meiri en um þessar mundir og er svo enn. Skál ekki á þessum vettvangi sú saga rakin. En ófriðarblikan vofði ekki aðeins yfir Afríku, heldur höfðu Sameinuðu þjóðirnar sogazt inn í geigvænlegar hernaðaraðgerðir í Kongó í þeim tilgangi að slökkva þá ófriðarelda, sem sífellt loguðu þar. Byltingin í Cubu og síðari gagnbyltingartilraun gat hvort tveggja hæglega orðið kveikja meiri aðgerða á vesturhveli og nú nýverið hefur sorfið til aðgerða af hálfu annarra Ameríku ríkja með því að reka Cubu úr samtökum þeirra. Í Asíu voru og eru sífældar hernaðaraðgerðir milli Rauða-Kína og Formósu — og alvarleg átök og óvissa hér og hvar — í Laos, Vietnam, Indlandi og víðar. Enn er svo ótalin Berlinardeilan, sem nú um langt skeið hefur staðið eins og fleinn í holdi friðsamlegrar sambúðar stórveldanna, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, og ægir nú meir en nokkuð annað friði í Evrópu milli Sovétríkjanna og austurblokkarinnar annars vegar og NATO-ríkjanna hins vegar. Hafa boðar þeirrar ólgu borizt til Skandinavísku ríkjanna svo sem kunnugt er og lagst með þeim þunga á Finna, að almenningi hér og á Norðurlöndum hefur þótt miklu meira en nóg um, enda eru þessar þjóðir svo nærstæðar hver annarri, að þeim skilst betur hver alvaran er, þegar sverfur að einhverri þeirra.

Það vakti svo að sjálfsögðu heimsathygli og feykilegan ugg og óróa hér á landi, þegar Sovétríkin hófu hinar miklu atómsprengingar á síðastliðnu hausti og sprengdu alls 30 vetnissprengjur á liðlega mánaðar tíma við Novaja Semlja og þar á meðal helsprengjuna miklu, 50—70 milljón tonna sprengju, en helryk hennar svífur nú umhverfis jörðu, og vísindamenn ráðgerðu að hafa þyrfti uppi um heim allan athuganir og e. t. v. varúðarráðstafanir til verndar heilsu manna af þessum vágesti fram á næsta vor. Lét Alþingi, eins og kunnugt er, mál þetta til sín taka með samþykkt þingsályktunartillögu á síðastliðnu hausti.

Um þetta leyti síðla hausts 1961, hófust umræður um það innan ríkisstjórnarinnar, að óverjandi væri að gera ekki gangskör að því að hefja hér rannsóknir og undirbúning almannavarna, miðað við aðstæður hér og reynslu annarra í þessum efnum. Hóf dómsmálaráðherra viðræður við loftvarnanefndina í Reykjavík, ásamt borgarstjóranum í Reykjavík. Þótti sýnt, að breyta þyrfti skipan þessara mála frá því sem áður hafði verið, en þó eigi fyrr en að undangenginni gaumgæfilegri athugun og eftir að gefizt hefði tóm til að kynna sér viðhorf og reynslu annarra þjóða og fá álitgerðir og leiðbeiningar þeirra, sem unnið hefðu að slíkum málum, eða styddust við nauðsynlega sérþekkingu.

Varð að ráði, að formaður Loftvarnanefndar Reykjavíkur, Sigurjón Sigurðsson, lögreglustjóri, og dr. Jón Sigurðsson, borgarlæknir, tókust á hendur ferð til Norðurlanda, til þess að kynna sér aðgerðir og reynslu þessara þjóða, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur, en allar eru þessar þjóðir taldar standa framarlega í þessum málum og hafa allar nær óslitið lagt af mörkum stórfé til undirbúnings almannavarna frá styrjaldarlokum, en einkum þó síðari árin með hliðsjón af þróun hernaðartækni og nýrra vopna. Jafnframt voru gerðar ráðstafanir til þess að fá hingað sérfræðinga á þessu sviði. Í þeim erindum komu hingað R. Holtermann, hershöfðingi, sem er yfirmaður almannavarna („civilforsvaret“) í Noregi og C. Toftemark, yfirlæknir hjá heilbrigðisstjórninni dönsku, en hann veitir forstöðu þeim þætti almannavarna í Danmörku, er falla undir hann.

Höfðu þeir hér samvinnu við Loftvarnanefnd Reykjavíkur og létu dómsmála-

ráðherra í té álitsgjörðir eftir að hafa kynnt sér aðstæður hér, svo sem verða mátti. Þessar álitsgjörðir fylgja greinargerð þessari sem fskj. nr. III. og IV.

Heilbrigðismálaráðuneytið, undir forystu landlæknis, dr. Sigurðar Sigurðssonar, hafði forgöngu um að rannsakað væri og mælt geislavirkt úrfall, en eðlisfræðistofnunin hér hefur annast það verk. Haft hefur verið samráð við héraða og erlenda sérfræðinga varðandi þennan þátt almannavarna og safnað upplýsingum erlendis frá.

Eftir áramótin fól dómismálaráðherra Jóhanni Hafstein, bankastjóra, sem gegnt hafði embætti dómismálaráðherra við undirbúningsaðgerðir á síðastliðnu hausti, að hafa forgöngu um að undirbúa frv. að nýrri löggjöf um almannavarnir. Í samráði við hann unnu svo aðallega að samningu þessa frv. Sigurjón Sigurðsson, lögreglustjóri, dr. Jón Sigurðsson, borgarlæknir, og Hjálmar Blöndal, hagsýslustjóri, sem verið hafði framkvæmdastjóri Loftvarnanefndar Reykjavíkur, en jafnframt hefur verið haft samráð við nefndina og borgarstjórnann í Reykjavík.

Íslendingum er vissulega mjög framandi allt það, sem að hernaði lýtur eða afleiðingum hernaðar. Því hafa menn spurt: Hvað eru almannavarnir? En þær eru einfaldlega sérhverjar ráðstafanir, sem að því lúta að forða frá manntjóni og eigna, sem af hernaði eða árás kynni að leiða, að bæta tjón af sömu sökum, líkna og hjúkra þeim, sem eiga um sárt að binda, — almannavarnir stefna að því að bjarga mannlífum.

Frv. það, sem hér er lagt fram, byggir að nokkru á annarri skipan en eldri lög um loftvarnir og aðrar varnir gegn hættum af hernaðaraðgerðum og er að öðru leyti mun ýtarlegra og yfirgrípsmeira.

Eldri lögín frá 27. júní 1941 ákveða, að bæjar- eða sveitarstjórnnum sé heimilt, í samráði við ríkisstjórnina, eins og segir í 1. gr., að gera hvers konar ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum og verja til þess nauðsynlegu fé, er greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að frumkvæði og forysta um almannavarnir sé í höndum ríkisstjórnarinnar, og að ráðstafanir til almannavarna skuli hefja þar, sem ríkisstjórnin ákveður, en haft sé samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða sýslunefndir (7. gr.).

Ráðherra skipar forstöðumann almannavarna í öllu landinu (4. gr.). Almanna- varnaráð, sem ráðherra skipar, skal vera til ráðuneytis um allar framkvæmdir almannavarna (6. gr.). Landlæknir fer með stjórn þeirra þátta almannavarna, er snerta sjúkrahúsmál, læknismeðferð og hjúkrun á sjúkum og særðum (5. gr.).

Síðan er gert ráð fyrir, að í kaupstöðum og annars staðar, sem ástæða þykir til, skipi sveitarstjórnirnar sjálfar almannavarnanefndir. Frv. skilgreinir verkefni þeirra, sbr. 8. og 9. gr.

Af sjálfri yfirstjórn almannavarna í öllu landinu, sbr. 4. gr., greiði ríkisstjórn allan kostnað. Kostnað þeirra almannavarna, sem undir landlækni heyra, sbr. 5. gr., greiðir ríkissjóður einnig, en hlutaðeigandi sveitarstjórnnum ber að endurgreiða þriðjung kostnaðar.

Kostnað af öðrum ráðstöfunum til almannavarna greiðir hlutaðeigandi sveitar- sjóður, en ríkissjóði ber að endurgreiða tvo þriðju hluta kostnaðar af opinberum öryggisbyrgjum, en helming annars kostnaðar (25. gr.).

Samkvæmt 10. gr. frv. er það borgaraleg skylda að starfa í þágu almannavarna. Þetta er í samræmi við eldri ákvæði laganna frá 1941, en þar segir í 4. gr.: „Það er almenn borgaraleg skylda að vinna án endurgjalds að undirbúningi loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkvæmt lögum þessum, eftir fyrirmælum lögreglustjóra og loftvarnanefndar, svo og að hlýða öllum fyrirmælum og reglum varðandi slíkar ráðstafanir, þar á meðal að taka þátt í fyrirskipuðum æfingum“. Við þessa grein var síðar bætt með l. nr. 13 15. maí 1942, og felld inn í lögín eftirfarandi:

„Húseigendum skal skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að annast um að til séu í húsum þeirra nauðsynleg eldvarnartæki eftir því, sem loftvarnanefnd, með samþykki bæjar- eða sveitarstjórnar, nánar ákveður“. Hin borgaralega skylda samkvæmt frv. þessu, í sambandi við hjálparliðin samkvæmt 3. kafla, er raunar miklu skilgreindari en nú er í lögum, og þar af leiðandi takmarkaðri en áður.

Margt er það í frv. þessu, sem mönnum kann að koma nýstárlega fyrir sjónir. Við nánari athugun mun þó skiljast, að allt liggur þetta í hlutarins eðli, ef menn vilja ekki hafa aðferð strútsins og verjast hættunni með því að stinga höfðinu í sandinn, en horfast hreinskilnislega í augu við þann vanda, sem við blasir. Hér er um að ræða að lögbjóða framhald ráðstafana, sem hafnar voru af raunsæi í Reykjavík 1951 og haldið áfram með þeim hætti, þótt þær hafi stöðvazt í bili, að byggja má áfram á öllu því, sem þá var gert, sbr. álitserðir hinna erlendu sérfræðinga. Aðeins verður að ganga lengra og samræma jafnframt aðgerðir samliggjandi bæja og byggðarlaga og gæta varúðar hvar sem er í landinu, ef þörf krefur.

Þess er að vænta, að menn séu á eitt sáttir um tilgang þessa frv. og mönnum skiljist jafnframt, að margt það, sem frv. tekur til, kemur einnig í haginn á friðartímum — og býr okkur jafnframt undir að geta betur mætt voveiflegum hlutum, sem skeð geta og hafa skeð hér á landi af náttúruhamförum, eldgosum, jarðskjálftum eða annarri vá.

Þykir ekki ástæða til hér, í hinni almennu greinargerð, að skýra frv. nánar, en þess vænt, að í eftirfarandi athugasemdum við einstakar greinar frv. sé við bætt þeim skýringum, sem þurfa þykir.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

Um 1. gr.

Rétt þykir að skilgreina hlutverk almannavarna og marka þeim ákveðnara starfssvið en gert er í gildandi lögum um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum, nr. 52 27. júní 1941. Jafnframt er starfssviðið fært út, þannig að löggjöfin nái ekki einungis til líkamstjóns og eigna- af völdum hernaðaraðgerða, heldur og til tjóns, sem stafað getur af náttúruhamförum eða annarri vá. Samkvæmt reynslu annarra þjóða, hafa skipulagðar almannavarnir orðið til ómetanlegs gagns á því sviði. Má vænta sömu reynslu hér í landi eldgosa, jarðskjálfta og annarra náttúruhamfara.

Tilgangur almannavarna er fyrst og fremst sá að bjarga mannlífum, annars vegar með því að koma í veg fyrir tjón og hins vegar með ráðstöfunum til þess að draga úr tjóni, sem orðið hefur. Undir hið fyrrnefnda fellur m. a. ýmis konar leiðbeiningar til almennings, mæling á geislavirkni, aðvörunarkerfi, öryggisskýli, skipulagning á brottflutningi fólks af hættusvæðum, ef til hans þyrfti að koma, eldvarnaráðstafanir í húsum o. fl. Undir ráðstafanir til þess að draga úr tjóni, sem orðið hefur, fellur hins vegar björgun fólks úr rústum eða af hættusvæði, flutningur sjúkra og særðra, lækni meðferð og hjúkrun á þeim, matargjafir og önnur aðhlyning heimilislausra, slökkvistörf o. fl.

Hér á landi starfa ýmis félagssamtök að líknar- og björgunarmálum. Vinna þau þjóðfélaginu mikið gagn með fórnfúsu hjálparstarfi. Eigi má draga úr starfsemi þeirra, heldur ber þvert á móti að styðja þau og styrkja eftir föngum. Hjálparstarf almannavarna kemur þá fyrst til, ef hætta eða tjón er svo umfangsmikið, að félagssamtök og stofnanir, sem fást við líknar- og björgunarstörf á venjulegum tímum, hafa eigi bolmagn til að veita nauðsynlega hjálp. Þykir rétt, að ráðherra meti hverju sinni, hvort þannig sé ástatt.

Um 2. gr.

Skipulagning og undirbúningur almannavarna er viðtækt starf og vandasamt. Í sambandi við það verður eigi hjá því komizt að leita margvíslegra upplýsinga, ráðlegginga og aðstoðar hjá opinberum aðilum, einstaklingum og stofnunum. Í greininni eru ákvæði um skyldu til að láta slíka aðstoð í té. Langoftast myndi veitt aðstoð ekki vera umfangsmeiri en svo, að ekki kæmi til endurgjalds. Ef aðstoðin hefði hins vegar í för með sér útgjöld eða fjárhagslegt tjón fyrir þann, sem aðstoðina veitti, myndi rétt að greiða hæfilegar bætur.

Um 3. gr.

Ákvæði greinarinnar miða að því að veita heimild til sérstakra ráðstafana, er snerta almenna umferð og öryggi á almannafæri á hættutímum. Dæmi þess eru fyrirhættu um skyldu til að vika af almannafæri, ef aðvörunarmerki er gefið, fara í öryggisskýli o. s. frv. Ákvæðin ná eingöngu til þeirra, sem staddir eru á almannafæri eða opinberum stöðum, sem almenningur á aðgang að. Ætlað er hins vegar til þess, að fólk, sem stadd er í einkahúsum, ráði því sjálft, hvort það leitar sér skjóls í öryggisskylum eða kys heldur að vera um kyrrt, þar sem það er komið, unz merki er gefið um, að hætta sé liðin hjá í bili.

Rétt þykir, að heimildin gildi einnig utan hættutíma, ef um æfingar er að ræða. Ákvæði 2. mgr. veitir lögreglustjórum nauðsynlega heimild til þess að banna notkun samkomuhúsa og annarra samkomustaða, ef hætta vofir yfir. Ástæða fyrir slíku banni gæti verið sú, að eigi sé rúm í öryggisbyrgi, nema fyrir takmarkaðan fjölda manna eða hætta þætti á því, að ofsahræðsla gripi mannfjölda.

II. KAFLI

Skipulag almannavarna.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir, að almannavarnir heyri undir dómsmálaráðherra, eins og verið hefur. Rétt þykir þó, að þeir þættir almannavarna, sem um ræðir í 5. gr. frv., heyri undir heilbrigðismálaráðherra sem yfirmann landlæknis, en honum er ætlað að fara með stjórn þeirra.

Margir þættir almannavarna eru þess eðlis, að þeir snerta hagsmuni landsmanna í heild eða íbúa á stórum landssvæðum eigi síður en íbúa einstakra sveitarfélaga. Í því sambandi má nefna mælingu á geislavirkni, viðvörðun um yfirvofandi hættu, ýmis konar leiðbeiningar til almennings, samstarf á milli héraða og eftirlit með undirbúningi til almannavarna og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum. Í ýmsum af þessum tilvikum hafa sveitarfélög ekki aðstöðu til framkvæmda, en í öðrum er milliganga ríkisvaldsins æskileg vegna heildarskipulags almannavarnanna. Það nýmæli er því í 4. gr. frumvarpsins, að ákveðnir þættir almannavarna eru felldir undir ríkisvaldið og sérstökum embættismanni falin stjórn þeirra. Starfssvið hans er í meginatriðum skýrt í 2. mgr. greinarinnar og er þar jafnframt getið þeirra þátta almannavarna, sem lagt er til, að falli undir ríkisvaldið.

Um 5. gr.

Í gildandi lögum um loftvarnir og fleira nr. 52 1941, er ekkert getið sérstaklega um þá þætti almannavarna, er snerta sjúkráðsmál, læknismeðferð né heldur hjúkrun særðra og sjúkra. Má því ætla, að þau mál falli undir loftvarnanefndir. Hér er um viðtæk og mikilvæg verkefni að ræða. Viðunandi úrlausn þeirra byggist á nánu samstarfi við forráðamenn sjúkráðs, lækna og hjúkrunarlið. Einnig þarf að koma á samstarfi milli byggðarlaga um staðsetningu, stofnun og rekstur varasjúkráðs, utan þéttbýlis. Loks þarf að sjá um, að nægilegar birgðir af nauðsynlegum lyfjum og hjúkrunargögnum séu til í landinu. Eðlilegt er, að þessi viðfangs-

efni falli undir heilbrigðisyfirvöld landsins, heilbrigðismálaráðherra og landlækni, en ekki undir hverja einstaka almannavarnanefnd. Við það eru ákvæði frumvarpsins miðuð, enda í samræmi við löggjöf nágrannaþjóða vorra.

Um 6. gr.

Almannavarnaráði er ætlað að vera til ráðuneytis um heildarskipulagningu almannavarna í landinu og við úrlausn hinna vandasamari framkvæmdaatriða. Gert er ráð fyrir, að þar eigi sæti, auk forstöðumanns, samkv. 4. gr. frumvarpsins, fjórir embættismenn ríkisins, sem vegna stöðu sinnar gegna mikilvægu starfi í þágu almannavarna.

Um 7. gr.

Ákvæði 1. mgr. kemur að nokkru leyti í stað 1. málslíðs 2. gr. laga nr. 52 1941. Ætlazt er til, að lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, fylgist með skipulagningu og framkvæmdum til almannavarna, sjái um samræmingu þeirra og stjórnri aðgerðum á hættunnar stund. Þeir eiga sæti í almannavarnanefndum og taka þátt í starfi þeirra, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Í 1. gr. laga nr. 52 1941 er gert ráð fyrir, að bæjar- og sveitarstjórnir eigi frumkvæði að því að hefjast handa um hvers konar ráðstafanir til varnar gegn hættum af völdum hernaðaraðgerða. Í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er lagt til, að þessu verði breytt á þá leið, að ríkisvaldið eigi frumkvæði í þessu efni. Hníga ýmis rök að breytingu þessari, m. a. þau, að nauðsynlegt kann að reynast, að hafizt verði handa um sérstakar öryggisráðstafanir í öllum landshlutum, einkum í sambandi við mælingu á geislavirkni og viðvörðun um yfirvofandi hættu. Verður naumast ætlazt til, að sveitarstjórnir hafi aðstöðu til mats á því, hvort slík nauðsyn er fyrir hendi. Eðlilegt er hins vegar, að samráð sé haft við hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd, áður en ákvörðun er tekin um að hefja ráðstafanir til almannavarna, sem hafa í för með sér fjárútlát fyrir sveitarsjóði.

Ákvæði 3. mgr. miða að því að koma á samstarfi milli nágrannaumdæma, þar sem hagkvæmt þykir.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar svara til ákvæða 2. gr. laga nr. 52 1941 og eru að nokkru leyti efnislega samhljóða þeim.

Helztu breytingar, sem lagðar eru til með frumvarpinu, eru sem hér segir:

1. Borgarstjórinn í Reykjavík taki sæti í almannavarnanefnd, en það er í samræmi við það, sem gilt hefur um bæjarstjóra annars staðar á landinu.

2. Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík taki sæti í nefndinni og komi í stað verkfræðings í þjónustu bæjarins, kosnum af bæjarráði. Breytingin styðst við núverandi tilhögun á stjórn tæknideilda borgarinnar. Er borgarverkfræðingur yfirmaður þeirra allra og því hagkvæmt, að hann eigi sæti í almannavarnanefnd.

3. Yfirverkfræðingur landssímans hverfi úr almannavarnanefnd, enda eru yfirverkfræðingar þar nú orðið fleiri en einn og tæknimál símans falin fleiri sjálfstæðum stjórnendum en áður var. Gert er ráð fyrir því í 6. gr. frumvarpsins, að póst- og símamálastjóri taki sæti í almannavarnaráði, þar sem öll fjarskiptaþjónusta landsins heyrir undir hann.

4. Lagt er til, að borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórar (oddvitar) verði formenn almannavarnanefnda með hliðsjón af því, að nefndunum er ætlað að standa fyrir mikilvægum framkvæmdum, sbr. 9. gr. frumvarpsins, og sveitarsjóðum að greiða allverulegan kostnað vegna þeirra, sbr. 25. gr. frumvarpsins.

5. Loks er lagt til, að sveitarstjórnir skipi menn í almannavarnanefndir, ef þannig stendur á, er um getur í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Er hér um samræmingu að ræða við ákvæði í upphafi greinarinnar.

Um 9. gr.

Samkvæmt lögum nr. 52 1941 er lögreglustjórum og loftvarnanefndum ætlað að annast skipulagningu og framkvæmd nær allra ráðstafana til almannavarna. Eins og getið var um í sambandi við 4. gr. frumvarpsins, er það nýmæli upp tekið, að skipta þeim verkefnum milli ríkisvaldsins og sveitarfélaga. Í nágrannalöndum vorum eru ráðstafanir þær, sem hér um ræðir, í æ ríkara mæli felldar undir ríkisvaldið á síðari árum. Sú leið er einnig farin samkv. frumvarpinu, þótt eigi sé jafnlangt gengið og víða er gert erlendis. Mismunandi aðstaða sveitarfélaga hér á landi, bæði hvað fólksfjölda snertir og landfræðilega stöðu, leiðir til mismunandi mikillar þarfar á ráðstöfunum til almannavarna. Ýmsir þættir þeirra eru og þess eðlis, að einungis er um að ræða aukningu eða umskipulagningu á starfsemi, sem sveitarfélag rekur á venjulegum tímum, eldvörnum, vatnsveitum, ýmis konar tækniþjónustu o. s. frv. Að sjálfsögðu er hagkvæmara að byggja á þeirri starfsemi, sem fyrir er, heldur en að stofna til nýrra starfsdeilda á sama sviði.

Í 4. gr. frumvarpsins eru talin upp þau verkefni, sem ríkisvaldinu er ætlað að taka að sér. Á sama hátt eru verkefni sveitarfélaga talin upp í 9. gr. frumvarpsins. Almanna- varnanefndum ber að annast skipulagningu og framkvæmd þeirra verkefna, er undir sveitarfélög falla.

III. KAFLI

Hjálparlið.

Um 10. gr.

Almannavarnir geta því aðeins gegnt hlutverki sínu, að unnizt hafi tími til þess, áður en vá ber að garði, að skipuleggja og þjálfva vandlega hjálparlið til líknar- og björgunarstarfs. Val á liðsmönnum og þjálfun þeirra er umfangsmikið og vandasamt starf, sem naumast verður unnið á skömmum tíma. Hversu fjölmennt hjálparlið þarf að vera, fer mjög eftir aðstæðum á hverjum stað. Telja sérfræðingar á Norðurlöndum æskilegt, að 5—7% af íbúum í borgum og bæjum fái þjálfun, mismunandi mikla þó eftir því, hvaða starfi hverjum einstökum er ætlað að gegna.

Mjög kemur til álita, hver leið sé heppilegust til þess að fá fólk til hjálparstarfs. Á Norðurlöndum er borgaraleg skylda til starfs í þágu almannavarna lögboðin. Í Noregi og Svíþjóð er nær allt hjálparstarfið byggt á þeim grundvelli. Í Danmörku er meira reiknað með sjálfboðaliðum, en til öryggis er ákveðinn hluti þeirra manna, sem kvaddir eru til herþjónustu á hverjum tíma, skipaðir til starfs í þágu almannavarna. Fá þeir sérstaka þjálfun í hinum ýmsu greinum líknar- og björgunarstarfa allan sinn herskyldutíma.

Í 4. gr. laga nr. 52 1941 eru ákvæði um viðtæka, borgaralega skyldu til að vinna, án endurgjalds, að undirbúningi loftvarna og annarra öryggisráðstafana eftir fyrir mælum lögreglustjóra og loftvarnanefnda, svo og skyldu til að taka þátt í fyrirskipuðum æfingum. Þótt stefna beri að því að fá sem mestan hluta hjálparstarfsins unninn af sjálfboðaliðum, þykir eigi rétt að fella hina borgaralegu skyldu til starfs í þágu almannavarna niður. Hins vegar er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að hún verði gerð nokkru takmarkaðri en verið hefur, m. a. með því að binda hana við ákveðinn aldur og veita heimild til að bera ákvörðun um kvaðningu undir úrskurð ráðherra. Sömu leiðis þykir rétt, að hámarkstími þjálfunar og æfinga verði ákveðinn af ráðherra, sbr. 14. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar miðar að því að skylda þá, sem nærstaddir eru, þar sem tjón vofir yfir eða hefur orðið, til þess að veita skyndihjálp, án þess að hlutaðeigandi hafi fengið formlega kvaðningu til starfs. Þykir rétt að hafa sérstakt ákvæði um þessa skyldu.

Um 12. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í meginatriðum samhljóða ákvæðum 4. gr. laga nr. 52 1941.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Nauðsynlegt er að setja reglur um starfskyldu skv. 10. gr. frumvarpsins, þ. á m. um undanþágu frá starfsskyldu að nokkru eða öllu leyti, ef sérstaklega stendur á. Eðlilegt er t. d. að undanþiggja mæður ungra barna frá störfum þeim, er hér um ræðir, sjómenn í siglingum og ýmsa aðilja, er gegna nauðsynlegum öryggisstörfum. Rétt er að setja ákvæði um þessi efni, svo og önnur, er varða starfsskylduna, námskeið og æfingar, sbr. 12. gr., með reglugerð. Þykir rétt að vitna hér til þess, sem fram kemur í fskj. nr. III. í kaflanum: Fræðsla og þjónustuskylda.

IV. KAFLI

Einkavarnir.

Um 15., 16. og 17. gr.

Almannavarnir byggjast sumpart á ráðstöfunum, sem framkvæmdar eru af hinu opinbera, og sumpart á aðgerðum einstaklinga og atvinnufyrirtækja: einkavörnum. Hinar opinberu ráðstafanir, svo sem viðvörunarkerfi, mæling á geisla-virkni, sjúkrahúsa- og líknarmál, varða allan almenning í heild. Einstaklingum og atvinnufyrirtækjum er hins vegar ætlað að gera sitt til að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á lífi, heilsu eða eignum manna á heimilum og vinnustöðvum. Er gert ráð fyrir, að atvinnufyrirtæki og fólk í íbúðarhverfum útvegi sér tæki til eldvarna, björgunar og slysamedferðar. Jafnframt þarf að leiðbeina fólki um notkun þeirra tækja. Ráðstafanir þessar eru miðaðar við, að einstaklingarnir sjálfir geti ráðið við minni háttar tjón á staðnum eða hafið öryggisaðgerðir meðan beðið er eftir því, að aukið hjálparlið komi á vettvang með stórvirk tæki og annan búnað.

15. gr. frumvarpsins fjallar um einkavarnir á vinnustöðum. Með hliðsjón af því, að aðstæður á vinnustöðum eru mjög mismunandi hvað snertir staðsetningu, eldhættu á staðnum o. fl., þykir rétt að einskorða ekki skyldu atvinnufyrirtækja til einkavarna við ákveðna tölu starfsmanna. Er ráðherra því veitt heimild til að leysa fyrirtæki undan skyldu til einkavarna eða fyrirskipa, að ráðstafanir séu gerðar til einkavarna, enda þótt starfsfólk á vinnustað sé færri en segir í upphafi greinarinnar.

Í 16. gr. frumvarpsins eru ákvæði um hverfabjónustu til almanna. Hjálparstarf er víðast hvar skipulagt þannig, að þéttbýlum svæðum er skipt í hverfi þannig, að um 500 íbúar séu í hverju þeirra. Á meðal íbúa hverfisins eru 10—14 menn valdir og þjálfaðir í sérstakt hjálparlið, sem staðsett er innan marka hverfisins. Eru þannig í hverju hverfi nokkrir liðsmenn viðbúinir að veita fyrstu hjálp, ef tjón verður þar. Meginhluta hjálparliðs almanna er hins vegar komið fyrir í útjöðrum borga og bæja, en þaðan fer hjálparliðið til þeirra staða, er hafa orðið fyrir tjóni.

1. mgr. 17. gr. frumvarpsins er að meginefni samhljóða 2. málslið 4. gr. laga nr. 52 1941, sbr. 1. gr. laga nr. 13 1942.

Ef sérstök hættu stafar af mannvirki, t. d. sprengingar- eða eldhætta, ber að draga úr þeirri hættu, svo sem frekast er unnt. Þykir rétt, að ríkissjóður taki þátt í kostnaði af þeim ráðstöfunum, sem krafizt er, að gerðar verði, umfram það, sem nauðsynlegt telst, miðað við venjulega tíma.

Um 18. og 19. gr.

Greinarnar þarfnast eigi skýringa.

V. KAFLI

Flutningur fólks af hættusvæðum.

Um 20. gr.

Í 5. gr. laga nr. 52 1941 eru ákvæði um skyldur ríkisstjórnarinnar til fyrirgreiðslu vegna flutnings fólks, sem flýja þarf hættusvæði, og heimild til leigunáms á farartækjum og húsnæði fyrir fólkið. Rétt þykir að setja fyllri ákvæði um þennan þátt almannavarna heldur en þau, sem eru í gildandi lögum.

Samkvæmt 20. gr. frumvarpsins er ríkisstjórninni ætlað að taka ákvörðun um það, hvort skylda skuli fólk til að flytja af hættusvæði. Er þá átt við hópflutninga milli héraða, en ekki tilfærslu á fólki innan héraðs, vegna tjóns, sem þar hefur orðið á takmörkuðu svæði. Hópflutningar er neyðarráðstöfun, sem getur reynzt nauðsynleg, en hefur í för með sér röskun á stöðu og hógum fjölda manna, og er því ríkisstjórninni ætlað að fjalla um málið, áður en ákvörðun er tekin.

Í 2. mgr. 20. gr. er gert ráð fyrir, að ráðherra setji reglur um áætlun og framkvæmd brottflutnings af hættusvæðum. Brottflutninginn þarf að skipuleggja fyrirfram og undirbúa vandlega, þannig að hann fari skipulega fram, ef á þarf að halda. Er eðlilegt, að sú skipulagning heyri undir forstöðumann almannavarna í landinu, sbr. 4. gr.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 22. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í meginatriðum efnislega samhljóða ákvæði síðari hluta 5. gr. laga nr. 52 1941.

Við skipulagningu og undirbúningu á brottflutningi fólks af hættusvæðum myndi fyrst og fremst reiknað með að koma fólkinu fyrir í skólabyggingum, samkomustöðum og öðru þess háttar húsnæði, sem tiltækilegt þætti. Á neyðarstundu gæti þó komið til þess, að fólk þyrfti að opna heimili sín fyrir nauðstöddum samborgurum og veita þeim skjól og aðhlyningu um stundarsakir. Er ákvæði 2. mgr. 22. gr. miðað við slíkt tilvik.

Ákvæði 3. mgr. fjallar um endurgreiðslu kostnaðar vegna húsnæðis og fæðis, sem flóttafólki er látið í té. Þykir sanngjarnt að skylda sveitarfélag, sem fólk er flutt frá, til að greiða þann kostnað, en veita sveitarfélögum rétt til endurheimtu kostnaðarins. Mætti í þeim efnum hafa hliðsjón af reglum framfærslulaga.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Um 23. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða ákvæði í 3. gr. laga nr. 52 1941, með þeirri breytingu, að sams konar skylda er lögð á stofnanir ríkisins, eins og hvílt hefur á bæjar- og sveitarstjórnnum.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 52 1941 er lögreglustjórum og loftvarnanefndum heimilt að taka kjallara og aðrar vistarverur einstakra manna, er nota má sem loftvarnabyrgi fyrir almenning og útbúa þau í því skyni, enda komi sanngjarnt verð fyrir, að mati dómkvaddra manna. Með 2. mgr. 23. gr. frumvarpsins er heimildin að nokkru rýmkuð. Eigi þykir ástæða til að binda hana við „kjallara og aðrar vistarverur einstakra manna, er nota má sem loftvarnabyrgi“, enda gæti þörfin beint að öðru húsnæði en vistarverum og notkunartilgangur verið annar, t. d. að koma upp hjálparstöð. Sömuléiðis nær heimildin til lausafjármuna, sem brýn þörf er á til almannavarna, svo sem vinnuvéla. Rétt þykir, að ráðherra ákveði, hvort heimildum þessum verði beitt.

Um 24. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli. Hafa samsvarandi ákvæði verið í gildi um árabil í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Er hér um að ræða einn þátt í undirbúningi einkavarna, en hagkvæmara er og kostnaðarminna að koma öryggisbyrgi fyrir í húsi, ef það er gert strax við byggingu þess heldur en síðar. Í framangreindum löndum er skylda þessi miðuð við fjölbýlishús og vinnustaði, þar sem fleiri menn en 10 vinna að staðaldri. Eru ákveðnar kröfur gerðar um styrkleika og búnað byrgjanna. Þar sem þau eru eingöngu ætluð fyrir þá, sem í húsinu húa eða starfa, þykir eðlilegt, að húseigandi beri kostnað af byggingu þess.

Öryggisbyrgi má koma þannig fyrir, að hafa megi þess eðlileg not, utan hættutíma.

Um 25. gr.

Í 1. gr. laga nr. 52 1941 segir, að kostnaður af hvers konar ráðstöfunum til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum skuli greiða að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði. Með hliðsjón af þeirri starfsskiptingu, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir milli ríkis og sveitarfélaga, svo og mjög breyttum aðstæðum frá því er lög nr. 52 1941 voru sett, þykir rétt að fara nokkuð aðrar leiðir um kostnaðarskiptingu en gert er í gildandi lögum.

Eðlilegt er, að kostnaður skv. 4. gr. frumvarpsins greiðist að fullu úr ríkissjóði, enda er þar um að ræða ráðstafanir, er ekki varða eitt sveitarfélag fremur en annað.

Lagt er til, að kostnaður af ráðstöfunum samkv. 5. gr. frumvarpsins verði greiddur úr ríkissjóði, en þriðjungur kostnaðar skiptist eftir íbúatölu milli þeirra sveitarfélaga, sem ætlað er að njóta ráðstafananna sérstaklega samkvæmt áætlun heilbrigðisstjórnarinnar. Loftvarnanefnd Reykjavíkur hefur aflað allmikilla birgða sjúkrahúsgagna til almannaþarfa. Sjálfsgagt þykir, að heilbrigðisstjórnin fái þær birgðir til ráðstöfunar, enda verði bæjarsjóði þá heimilt að greiða sinn hluta kostnaðar þess, er hér um ræðir, með eignarhluta sínum í birgðunum.

Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. frumvarpsins er lagt til, að kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almannaþarfa en að framan greinir, verði greiddur úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, en endurgreiddur að helmingi úr ríkissjóði, að undanteknum kostnaði vegna opinberra öryggisbyrgja, er endurgreiddist að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Er síðasttalda ákvæðið miðuð við það, að bygging opinberra öryggis-skýla er svo kostnaðarsöm ráðstöfun, að hætt er við, að sveitarsjóður fái eigi við ráðið með helmingaskiptum.

Hins vegar myndi almannaþarfanefnd ekki heimilt að hefjast handa um byggingu opinbers öryggisbyrgis, nema ráðuneyti hafi samþykkt áætlun um það, sbr. 4. tölul. 9. gr. frv.

Um 26., 27. og 28. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal 1.

Skýrsla loftvarnanefndar Reykjavíkur, dags. 19. desember 1956.

Loftvarnanefnd Reykjavíkur var skipuð í júnimánuði 1951, og eiga í henni sæti: Sigurjón Sigurðsson, lögreglustjóri (formaður), Jón Sigurðsson, slökkviliðsstjóri, Jón Sigurðsson, borgarlæknir, Gunnlaugur Briem, nú póst- og símamálastjóri, Valgeir Björnsson, hafnarstjóri, Jón A. Pétursson, forstjóri, og Tómas Jónsson, borgarritari.

Frankvæmdastjóri nefndarinnar hefur verið Hjálmar Blöndal, áður skrifstofustjóri bæjarverkfræðings.

Það var verkefni loftvarnanefndar að leggja frá rótum drög að ráðstöfunum til varnar almenningi hér í Reykjavík, ef til loftárása kæmi.

Það, sem gert hafði verið til loftvarnaráðstafana í síðustu styrjöld, varð til hverfandi lítilla nota fyrir nefndina, ýmist úr sér gengið, eða birgðum ráðstafað til annars.

Verður rakið í stórum dráttum það, sem nefndin hefur aðhafzt, hvernig hún hefur ráðstafað því fé, sem hún hefur haft á milli handa.

Stjórnstöðvar.

Í kjallara Heilsuverndarstöðvarinnar er gert ráð fyrir að hafa megi aðalstöðvar þeirra, er veita skulu forystu hjálparstarfsemi í bænum, ef loftárásir yrðu gerðar. Hefur þar verið komið fyrir símaskiptiborði með leiðslum, sem tengja má bæjarkefinu með fárra daga fyrirvara, ef þörf krefur, en hefur ekki verið tengt enn, m. a. vegna skorts á möguleikum til nýrra símatenginga hér í Reykjavík og nágrenni, sem verið hefur um mörg undanfarin ár, sem kunnugt er.

Kostnaður við þessar ráðstafanir hefur orðið um 63 þús. kr., vegna smíða og uppsetningar á skiptiborðinu og lítilsháttar kaupa á húsgögnum.

Aðvörunarkerfi.

Eitt fyrsta verkefni nefndarinnar var að koma upp aðvörunarkerfi í bænum. Voru keyptar rafknúnar loftvarnaflautur, ásamt öllum búnaði, frá Danmörku. Hafa þau tæki reynzt vel þar í landi, og víðar.

Styrkleiki kerfisins skyldi við það miðaður, að greinilega megi heyra aðvaranir hvarvetna í bæjarlandinu inn að Elliðaám.

Leiðslur hafa verið lagðar að þeim stöðum, þar sem flauturnar skal staðsetja og gerðar undirstöður fyrir þær.

Sjálfar flauturnar hafa ekki verið settar upp (monteraðar), nema ein á turni Landakotskirkju til reynslu. Uppsetningu annarra má ljúka á skömmum tíma. Kostnaður við aðvörunarkerfið er talinn alls kr. 288000.00, verð loftvarnaflautanna (alls kr. 150 þús.) og leiðslna að þeim, ásamt vinnulaunum, kr. 138 þús.

Má gera ráð fyrir að þau útgjöld séu ekki endurheimtanleg að neinu ráði.

Fjarskipti.

Í samráði við Landssíma Íslands hefur nefndin athugað allýtarlega skipulagningu fjarskiptaþjónustu í þágu loftvarna.

Fyrst og fremst verður vitaskuld að hafa hin fyllstu not af bæjar- og landsímakerfinu og enda gerðar sérstakar ráðstafanir til að efla þau not, t. d. að tryggja sérstakan fjölsíma í þágu loftvarnanna ef þörf krefur (símanr. 03), og símamálastjórnin beðin að leita tilboða í hringingartæki, sem nota megi til þess að hringja samtímis í alla talsíma bæjarkerfisins, almenningi til aðvörunar, en því miður hefur orðið dráttur á framkvæmdum.

Nota verður talstöðvarkerfi lögreglunnar og kerfi slökkviliðs Reykjavíkur, en þau kerfi eru bæði talin fullkomin.

Enn fremur hefur loftvarnanefnd keypt mikið og fullkomið talstöðvarkerfi: 2 fastastöðvar og 8 hreyfanlegar.

Einnig er gert ráð fyrir að nota megi töluvert hátalara á bifreiðum.

Ætlað er til þess, að ríkisútvarpið flytji tilkynningar til almennings um loftvarnaaðgerðir.

Í reikningum nefndarinnar er kostnaður við þessar aðgerðir talinn 287 þús. kr., að langmestu leyti (243 þús. kr.) kaupverð talstöðva, en þær halda sínu verðmæti, nema að tækniþróunin leiði til þess, að þær verði úreltar.

Hjúkrunar- og líknarmál.

Í sambandi við loftvarnir hefur verið að því stefnt í nágrannalöndum okkar, að hafa til taks svo mörg sjúkrahús, með tilheyrandi hjúkrunargögnum, sem lækna og hjúkrunarlið frekast geti annað.

Samkvæmt þessu hefur þótt rétt að reyna að hafa hér tilbúin allt að 1000 sjúkrahús til ráðstöfunar fyrir fólk, er kynni að slasast í loftárásum. Er talið, að lækna, með aðstoð læknanema, mundu geta annazt þann sjúklingafjölda, auk annarra óhjákvæmilegra starfa, en hins vegar er skortur á æfðu hjúkrunarliði.

Að álitum lækna mun vera unnt, ef í nauðir rekur, að koma fyrir um 200 særðum mönnum í sjúkrahúsum hér í bænum. Yrði þá að flytja til alla sjúklinga, sem til þess væru færir, og bæta við aukasjúkrahúsum, eftir því sem húsrúm frekast leyfði.

Ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma upp bráðabirgðasjúkrahúsum í nágrenni bæjarins, í húsakynnum, sem til eru. Nýbyggingar í því skyni hafa ekki komið til greina á vegum nefndarinnar. Hins vegar hefur nefndin haft nokkurt samráð um það við stjórn S.Í.B.S., í sambandi við nýbyggingar að Reykjalundi, að þar mætti koma upp sjúkrahúsum fyrir slasað fólk. Er ráðgert, að nú mætti koma fyrir 270—300 manns að Reykjalundi, en 500—550 þegar þar verður fullbyggt.

Þá hefur nefndin gert ráð fyrir 50 sjúkrahúsum í Hlégarði (Mosf.) og 80 í Laugarási (Biskupst.). Enn fremur 120 sjúklingum að Vífilstöðum, eða að Laugarvatni, sem nú mætti telja eðlilegra. Samkv. þessu er talið, að koma mætti upp í framangreindum húsakynnum nú allt að 750 sjúkrahúsum:

Sjúkrahúsin í Reykjavík	viðbót allt að	200
Reykjalundur	— — —	300
Hlégarður	— — —	50
Laugarás	— — —	80
Laugarvatn	— — —	120

Allt að 750

með möguleikum til fjölgunar, einkum eftir því sem Reykjalundi miðar.

Ráðstafanir hafa og verið gerðar til að stofnsetja allt að 8 slysavarðstofur, flestar í skólahúsum, til aðgerða vegna minniháttar meiðsla og til bráðabirgðaaðgerða á fólk, sem flytja þarf í sjúkrahús, svo og til blóðgjafa og annarra aðgerða vegna losts. En Lyfjaverzlun ríkisins hefur tekizt á hendur að hafa jafnan til taks hin fullkomnustu tæki til blóðgjafa, auk ýmissa lyfja og hjúkrunargagna, sem þola illa geymslu.

Kostnaður vegna ráðstafana skv. þessum lið hefur til þessa numið kr. 2411000.00 og sundurliðast þannig í aðalatriðum:

Teppi, til notkunar í sjúkrahúsum, slysavarðstofum og loftvarna- byrgjum	kr.	801000.00
Sjúkrahús, 700 stk.	kr.	280000.00
Rúmfatnaður	—	330000.00
Dýnur	—	200000.00
		— 810000.00
Fatnaður sjúklinga og hjúkrunarfólks	—	180000.00
Skurðstofutæki	—	308000.00
Ýmis konar hjúkrunargögn	kr.	177000.00
Sjúkrabörur	—	30000.00
Sáraumbúðir	—	78000.00
Hreinlætis- og sóttvarnavörur	—	27000.00
		— 312000.00
		— 312000.00
		Kr. 2411000.00

Til viðbótar hafa verið gerðar ráðstafanir til að kaupa rúmfatnað fyrir 20 þús. kr., sjúkrafatnað fyrir 18 þús. kr., hjúkrunarvörur 32 þús. kr., sáraumbúðir 75 þús. kr. kr. 145000.00

Kr. 2556000.00

Þetta eru allt vörur, sem halda verðgildi sínu, þó ekki komi til nota vegna ófriðaraðgerða. Sumar eru mjög fullkomnar, svo sem skurðstofu- og lækningatæki, sum sjúkrarúmin o. s. frv., en allt vel nothæft um mörg komandi ár.

Telur nefndin mikilsvert að eiga slíkar birgðir, sem hægt sé að grípa til, ef voveiflegir atburðir gerast óvænt, t. d. farsóttafaraldur á borð við influensuna 1918, og reyndar þó ekki væri um svo skæðan vágast að ræða.

Haustið 1955, er mænu sóttin geisaði hér, var allt hægara um ráðstafanir til að koma í skyndi upp sjúkrarúmum og afla lækningatækja (t. d. öndunartækja), vegna þess að hægt var að grípa til birgða nefndarinnar. Enn fremur gat nefndin hlaupið undir bagga og lánað dönsku stjórninni 30 sjúkrarúm með dýnum og teppum til að senda til Grænlands í júlí síðastl. Þegar influensufaraldur herjaði þar.

Í bæði skiptin fékk nefndin endurgreitt „í sama“, það sem ekki var lánað aðeins um stundarsakir.

Eldvarnir.

Slökkvilið Reykjavíkur hefur til umráða eigin dælur með búnaði, sem geta afkastað 17000 lítr./mín. Slökkvilið flugvallarins og aðrir aðilar í Reykjavík hafa umráð yfir tækjum með allt að 12000 mín./lítr. afköstum. Hinn nýi dráttarbátur Reykjavíkurhafnar, Magni, er búinn slökkvidælum með ca. 6700 mín./lítr. afköstum.

Nefndarmenn, einkum slökkviliðsstjóri og hafnarstjóri, hafa kynnt sér erlendar rannsóknir og áætlanir um styrkleikabörf slökkviliða á ófriðartímum, þegar gera þarf ráð fyrir því, að eldar kvikni samtímis á mörgum stöðum, sem verða ofviða föstu slökkviliði.

Með hliðsjón af öllum aðstæðum þykir hæfilegt að áætla slökkvidæluþörfina hér í Reykjavík allt að 55000 mín./lítr., þegar mikið liggur við, og fjölda slökkviliðsmanna í samræmi við það. Hefur verið gerð all nákvæm áætlun um skipun slökkvistarfa og dreifingu tækja, ef til hernaðaraðgerða skyldi draga.

Síðan nefndin tók til starfa hefur hún einnig keypt allmikið af tækjum vegna eldvarna: Keyptar hafa verið 16 slökkvidælur með tilheyrandi útbúnaði, lágmarksafköst 15200 mín./lítr. Er um að ræða 4 dælur 2000 mín./lítr., 4 dælur 1200 mín./lítr. og 8 dælur 300 mín./lítr.

Nefndin hefur gert ýmsar ráðstafanir til að tryggja aðgang að vatni utan vatnsveitukerfis og sjávar til slökkvistarfa. Á nokkrum stöðum við sjó, hefur verið gengið svo frá, að auðvelt er að koma þar við slökkvidælum.

Í Tjörnina hafa verið sett 4 steinsteypt ker, til að greiða þar fyrir vatnstöku, sem annars er torveld vegna leðju. Þá verður unnt að nota vatn úr Sundlaugum, Sundhöll, sundlaug Austurbæjarskólans, vatnsbró Gasstöðvarinnar o. fl. Enn fremur hafa vatnsgeymar frá styrjaldarárunum verið lagfærðir og eru nú taldir nothæfir fyrir drykkjarvatn og til slökkvistarfa.

Samtals er þannig vól á um 40 „vatnsbólum“, að mestu óháðum vatnsveitukerfinu.

Loks hefur nefndin keypt færanlega vatnsgeyma, úr striga, sem nota má til vatnsflutninga, auk þess sem flutt yrði í tankbílum.

Kostnaður við framangreindar eldvarnaaðgerðir hefur orðið um kr. 1032000.00 og skiptist þannig í aðaldráttum:

Slökkvidælur (16)	kr. 420000.00
Tengsli og stútar (mikið úr kopar)	— 190000.00
Slöngur, ca. 6000 metr. og barkar	— 223000.00
	<hr/>
	kr. 833000.00

Strigavatnsgeymar	kr. 68000.00	
Stigar	— 63000.00	
Ýmislegt, þ. á m. kostnaður við vatnsból	— 68000.00	
		— 199000.00

Kr. 1032000.00

Nefndin hefur gert samþykkt um að kaupa 4 stórar dælur og 4 minni (áætluð afköst 7600 mín./lítr.) fyrir 307 þús. kr., brunaslöngur (ca. 8000 metr.) fyrir 216 þús. kr., sjálfheldustiga 60 þús. kr. og ljósastöðvar slökkvistarfa 33 þús. kr.

Kr. 616000.00

Kr. 1648000.00

Ætla má, að tækin, sem hér um ræðir, verði prýðilega nothæf um langt árabil, þó að þeirra verði ekki þörf vegna loftárása.

Loftvarnabyrgi.

Loftvarnanefnd hefur látið fara fram rannsókn á þörfum fyrir loftvarnabyrgi. Var húsameistari ráðinn til að vinna að málinu ásamt framkvæmdastjóra nefndarinnar.

Reykjavík hefur sérstöðu að því leyti, að hús eru hér að jafnaði traustbyggðari en annars staðar tíðkast. Nefndin hefur unnið á þeim grundvelli að hagnýta beri þá aðstöðu.

Opinber loftvarnabyrgi eru ætluð vegfarendum og íbúum þeirra húsa, sem þannig eru gerð og staðsett, að þau veita ekki nægjanlegt skjól. Gert er þó ráð fyrir þeirri meginreglu, að vegfarendur, sem staddir eru í íbúðarhverfum, þegar hættumerki er gefið, geti leitað skjóls í næsta steinhúsi. Vegfarendum annars staðar, í miðbænum, verzlunarhverfum og farþegum strætisvagna verður hins vegar að sjá fyrir athvarfi í ákveðnum opinberum byrgjum.

Með þetta fyrir augum, hefur athugun farið fram á allflestum þeim húsum í bænum, sem talin eru geta komið til greina sem loftvarnabyrgi.

Í sambandi við þessa rannsókn hefur bænum verið skipt í hverfi, miðað við byggingarmáta og eftir því, hvort um er að ræða íbúðar-, verzlunar- eða iðnaðarhverfi. Athugun þessi hefur leitt í ljós, að unnt er að fullnægja loftvarnabyrgjaþörfinni utan miðbæjarins á viðunandi hátt, miðað við kröfur þær, sem gerðar eru í nágrannalöndum okkar, með því að semja við eigendur einstakra steinhúsa um afnot kjallara.

Yfirlit hefur verið gert um staðsetningu þessara byrgja og má taka þau til notkunar með stuttum fyrirvara, ef þörf krefur, enda hefur þegar verið samið við marga húseigendur um afnotin.

Enda þótt gera verði ráð fyrir að notast við skýli í allmörgum kjöllumur í miðbænum, þá er nefndinni ljóst, að þar mun skórin einkum kreppa, ef til loftárása kemur. Telur nefndin, að gera verði ráð fyrir möguleikum til að hafa loftvarnabyrgi í kjöllumur stórhýsa, sem reist kunna að verða á hæðunum í miðbænum og næsta nágrenni. Bendir hún í því sambandi einkum á fyrirhugað stjórnar-ráðshús við Lækjargötu, lögreglustöð við Kalkofnsveg og stórhýsi við Garðastræti.

Þess skal getið, að nefndin hefur látið framleiða nokkurt magn af járnbentum steinsteyptum bitum af sérstakri gerð, til þess að byrgja með glugga. Bitarnir leysa af hólmi hinar hvímléiðu sandpokahleðslur, sem notaðar voru í síðasta stríði, en auk þess má nota þá til hleðslu á minniháttar mannvirkjum síðar meir.

Nefndin hefur lengi haft augastað á því, að gert yrði loftvarnabyrgi í Arnarhóli. Er þá haft í huga að reisa einnar hæðar byggingu meðfram Kalkofnsvegi á allt að

helmingi túnflatarins og tyrfa yfir hið steinsteypa þak, lyfta túninu að þessu leyti um eina hæð, ef svo mætti segja.

Þar fengist mikið húsrými, sem væntanlega mætti nota sem loftvarnaskýli, en jafnframt til margra annarra nyttsamlegra hluta, t. d. til bifreiðageymslu, vörugeymslu, sölubúða o. s. frv.

Telur nefndin æskilegt, að ríki og bær sameinist um að gera þetta mannvirki og reki það í sameiningu. Sýnist einmitt vel til fallið, ef samkomulag yrði um þetta sjónarmið, að láta reisa bygginguna í sambandi við loftvarnir, þar sem talið er, að hún gæti orðið til verulegra nota í loftárásum. Fyrir allöngu hefur nefndin því beðið verkfræðinga hf. Almenna byggingafélagsins að gera áætlanir um bygginguna og er þeirra að vænta áður en langt um liður.

Mun þá gerð nánari grein fyrir þessari hugmynd, ásamt tillögum um hvort hefja beri framkvæmdir.

Af fé nefndarinnar hefur verið greiddur kostnaður vegna undirbúnings loftvarnabyrgja 239 þús. kr. Steinbitar 132 þús. kr., bekkir (sæti) 50 þús. kr. Ýmis konar gögn (salerni, rotvarnarefni, vatnsbrúsar o. fl. o. fl.) 57 þús. kr.

Birgðageymslur.

Reykjavíkurbær hefur fengið nefndinni til afnota geymsluhúsnæði á 3 stöðum: Blönduhlíð við Reykjanesbraut, Hraunborg við Karfavog og í Reykjahlíð í Mosfellssveit. Bæjarsjóður hefur ekki gert kröfu um húsaleigu, en nefndin greiddi kostnað við lagfæringu og viðhald.

Allur kostnaður, þ. á m. laun birgðavarðar, ljós, hiti, váttryggingar o. s. frv., hefur frá byrjun numið um kr. 574 þús. kr.

Hjálparsveitir.

Nefndin hefur gert áætlanir um stofnun og skipulag hjálparsveita, ef til þarf að taka. Skipt bæjarlandinu í umdæmi og umdæmunum í hverfi, er hver hjálparsveit fær til umsjónar og aðstoðar.

Nefndin hefur ekki talið rétt, eða vænlegt til árangurs, að kveðja almenning þegar til starfa í þágu loftvarna. Hitt er töluvert undirbúið, að kveðja megi fyrirvaralítið allmarga til slíkra starfa, auk þeirra, sem stöðu sinnar vegna taka sjálfkrafa þátt í þeim, svo sem ýmsir opinberir starfsmenn.

Helztu hjálparlið verða hjúkrunarlið, slökkvilið, löggæzlulið, björgunarlið, tæknilið.

Slíkar sveitir þurfa margs konar útbúnað, og hefur nefndin keypt allmikið til þeirra nota.

Auk þess sem áður greinir um hjúkrunar- og líknarmál og brunavarnir, hefur nefndin varið 344 þús. kr. til kaupa á handverkfærum fyrir hjálparsveitir, handluktum o. fl.

Kostnaðaryfirlit.

Loftvarnanefndin hefur haft til ráðstöfunar frá 1951 til ársloka 1956 alls 9000000.00, kr. 1500000.00 að meðaltali á ári, að hálfu frá hvorum aðila, ríkissjóði og Reykjavíkurbæ.

Samkvæmt framanrituðu yfirliti hefur nefndin greitt af höndum, til nóvemberloka þ. á., sem hér segir:

Stjórnstöðvar	kr.	64000.00
Aðvörunarkerfi	—	288000.00
Fjarskipti	—	287000.00
Hjúkrunar- og líknarmál	—	2411000.00

— do — Samþ. kaup. Ógreitt		kr. 145000.00
Eldvarnir	— 1032000.00	
— do — Samþ. kaup. Ógreitt		— 616000.00
Loftvarnabyrgi	— 239000.00	
Birgðageymslur	— 574000.00	
Hjálparsveitir	— 344000.00	
Ýmis kostnaður	— 191000.00	
— do — Handy-vörur. Ógreitt		— 157000.00

kr. 5430000.00 kr. 918000.00

Dóknun til 6 nefndarmanna í 4½ ár
á 6000.00 kr. og til formanns á sama
tímabili, tvöfalt

kr. 216000.00

Laun framkv.stj. og skrifst.manns til
nóvember 1956

— 431000.00

Annar skrifstofukostnaður

— 154000.00

— 801000.00

Kr. 6231000.00

Nefndin hefur þannig greitt í peningum

— 6231000.00

og samþykkt kaup á vörum fyrir

ca. — 918000.00

Auk þess ógreiddur áfallinn kostnaður, þ. á m. greiðsla til verk-
fræðinga fyrir áætlanir um Arnarhól

ca. — 200000.00

ca. kr. 7349000.00

Samkvæmt þessu má segja, að nefndin hafi ráðstafað, eða gert samþykkt um
að ráðstafa fjárveitingum ríkis og bæjar á tímabilinu, nema sem svarar fjárveit-
ingunni síðasta árið (1956) eða rétt rúmlega það.

Í þessu sambandi má taka fram, að nefndin hefur talið æskilegt að hafa nokkurt
fé tiltækilegt til byrjunarframkvæmda, ef horfið yrði að því ráði að gera loft-
varnabyrgi við miðbæinn (Arnarhól?), eða gera aðrar kostnaðarsamar ráðstafanir.

Almennar athuganir.

Loftvarnanefnd hefur til þessa einkum haft í huga að skapa aðstöðu til eld-
varna og ýmis konar hjálpar- og hjúkrunarstarfa, ef til loftárása kæmi og bæta
aðstöðu sem fyrir var um þessi efni, svo sem drepð hefur verið á hér að framan.

Vörubirgðir nefndarinnar munu í mörgum greinum halda verðgildi sínu og
geta orðið til margvíslegra nota, þó að ekki komi til nota vegna loftárása. Hefur
birgðunum verið komið fyrir í geymslum nefndarinnar með mjög skipulegum
hætti. Telur nefndin áriðandi, að þeirra verði vel gætt og þeim haldið í röð og
reglu. Er mjög æskilegt, að núverandi birgðavörður, sem er öllum hnútum gagn-
kunnugur, verði ráðinn til að halda þeim starfa áfram.

Nefndin hefur að vísu látið gera áætlanir um skipun hjálparsveita og skipulag
hjálpstarfs, ef í nauðir rekur, en hins vegar hefur nefndin ekki skipað menn til
hjálpstarfa eða fyrirskipað æfingar. Athuganir um það efni leiddu í ljós, að
menn virtust mjög tregir til að sinna kalli til æfingastarfa, og hefur nefndin ekki
haft trú á neins konar þvingunarráðstöfunum í þessum efnum, enda vafasamur
árangur af þess háttar æfingum, nema fullur hugur þáttakenda fylgi máli.

Nefndin hefur einnig rétt töluvert um möguleika til brottflutnings fólks skyndi-
lega, ef til loftárása kæmi. Eins og aðstæður eru hér í nágrenni Reykjavíkur er að
vísu hugsanlegt að flytja töluverðan fjölda fólks af bæjarsvæðinu á skömmum
tíma, svo fremi að vegir teppist ekki. En hins vegar ógerlegt að koma fjölda manns

(tugum þús.) fyrir til dvalar í dreifbýli, svo viðhlítandi sé, nema með ærnum kostnaði, margfalt meiri kostnaði en fjárveitingarvaldið hefur ætlað til loftvarnaráðstafana.

Nefndin hefur gert sér far um að afla upplýsinga um ráðstafanir, sem menn hyggjast gera annars staðar til varnar borgurum í kjarnorkustríði. Enda þótt rannsóknir um þessi efni séu á tilraunastigi og niðurstöður um margt ófullnægjandi, þá búast aðrar þjóðir vörnum gegn áhrifum kjarnorkuvopna, m. a. með sams konar ráðstöfunum, sem gerðar eru vegna hættu af öðrum sprengjum.

Lokaorð.

Nefndin hefur talið rétt að gefa þetta yfirlit, bæði til ríkisstjórnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur, einkum þar sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert ráð fyrir því að fella niður greiðslur úr ríkissjóði til loftvarnaaðgerða árið 1957.

Loftvarnanefndin telur rétt og sjálfsagt, að starfseminni verði haldið áfram og reyndar aukin til muna.

Auk þess sem áður segir um að fylgja eftir (m. a. hjá gjaldeyrisyfirvöldum) kaupum á því, sem tekin hefur verið ákvörðun um, og að hafa með höndum skipulega varðveislu þeirra birgða, sem nú eru í vörzlum nefndarinnar, þarf að gera áætlanir og taka ákvarðanir um margs konar ráðstafanir. Skal hér dregið á nokkur helztu verkefni, en sú talning er engan veginn tæmandi:

1. Fullkomnari viðbúnað varðandi aðvörunarkerfi, stjórnstöðvar og fjarskiptaþjónustu.
2. Aukningu sjúkrarúma frá 700 (sem nefndin hefur gert ráðstafanir um) ásamt með öllum búnaði, bæði að því er tekur til búnaðar rúmana, fatnaðar sjúklinga og hjúkrunarfólks, svo og viðbúnaðar í skurðstofum og annars viðbúnaðar um hjúkrunargögn.
3. Byggingu loftvarnabyrgja, einkum í miðbæ Reykjavíkur.
4. Skipun hjálparveita, fyllri og betri búnað þeirra, sem og æfingar.
5. Áætlanir um brottflutning fólks úr bænum og nágrenni, einkum af svæðinu suður á Reykjanesskaga og viðbúnað í því sambandi.
6. Ráðstafanir til undirbúnings ýmis konar lýðhjalpar, svo sem t. d. máltíðaúthlutunar o. s. frv.
7. Ráðstafanir, sem einkum þættu tiltækilegar til varnar almenningi í kjarnorkustríði, viðtækari en leiða af hinum almennu ráðstöfunum, sem talað hefur verið um hér að framan.

Hér var dregið á ærin verkefni til athugunar fyrir stjórnarvöld bæjar og ríkis. Nefndin telur rétt, að tekin verði afstaða til loftvarnaráðstafana framvegis hér í Reykjavík og nágrenninu, og fjárveitingar ákveðnar í samræmi við það.

Nefndarmenn eru að sjálfsögðu búnir til viðræðna um þau málefni öll, sem rakin voru og reyndar um hvers konar málefni, sem til varna þættu horfa.

Nefndin bíður átekta og mun ekki aðhafast neitt, er veldur fjárútlátum að ráði, nema að fengnum bendingum frá fjárveitingarvaldinu.

Í því sambandi er tekið fram, að nefndarmenn eru því síður en svo mótfallnir, að skipun nefndarinnar yrði breytt.

Þeir munu allir vilja vera til hvers konar aðstoðar til viðbúnaðar, ef til alvarlegra tíðinda kynni að draga, hver eftir sinni kunnáttu og getu, jafnt þó að þeir verði ekki taldir beinlínis starfandi í neins konar nefnd.

Hins vegar er bent á, að nefndin telur rétt og sjálfsagt, að haldið verði „nánu sambandi“, ef svo mætti segja, á milli þess, sem gert hefur verið og þeirra ráðstafana, sem nú kunna að verða taldar réttar.

Fylgiskjal 2.

Bréf Loftvarnanefndar Reykjavíkur, dags. 4. október 1961.

Eins og hæstvirtum dómsmálaráðherra og borgarstjóranum í Reykjavík er kunnugt, var fjárveiting til ráðstafana vegna ófriðarhættu felld niður á fjárlögum fyrir árið 1957. Hefur starfsemi loftvarnanefndar Reykjavíkur því legið niðri að mestu síðan. Nefndin var þó aldrei formlega lögð niður.

Vegna uggvænlegs ástands í alþjóðamálum að undanfögnu, hefur nefndin komið saman til fundar til umræðna um öryggi bæjarbúa, ef til ófriðar skyldi koma.

Flestar þjóðir Evrópu hafa, vegna biturrar reynslu frá styrjaldarárunum, lagt fram stórfé til borgaralegra varna allt frá ófriðarlokum og óslitið til þessa dags. Er almennt viðurkennt, að með öflugum viðbúnaði megi draga mjög úr þeim hörmungum, sem styrjöld hlýtur óhjákvæmilega að leiða yfir borgarana, og á það einnig við, þótt atómvopnum nútímans yrði beitt. Ísland er hið eina af Norður-löndunum, og raunar eina landið í Evrópu, eftir því sem bezt er vitað, sem um árábil hefur ekkert lagt af mörkum til undirbúnings borgaralegra varna.

Að tilhlutan ríkisstjórnar og bæjarstjórnar hóf loftvarnanefnd Reykjavíkur störf á árinu 1951 og er hún eina loftvarnanefndin, sem starfað hefur hér á landi frá styrjaldarlokum. Önnur bæjarfélög hafa ekkert aðhafzt í þessum málum, þótt sums staðar hafi komið til umræðu.

Loftvarnanefnd Reykjavíkur var frá upphafi þröngur stakkur skorinn um framkvæmdir vegna takmarkaðra fjárveitinga. Var þeim fjárveitingum því varið til hins allra nauðsynlegasta undirbúnings í hinum ýmsu greinum borgaralegra varna og þá fyrst og fremst til aðvörunarkerfis, hjúkrunar- og líknarundirbúnings, svo og eldvarna. Hvergi nærri var þó unnt að gera þeim viðhlítandi skil af fjárhagsástæðum. Fjárfrekari ráðstafanir, eins og bygging loftvarnabyrgja fyrir almenning og framkvæmdir vegna brottflutnings fólks úr bænum, komu ekki til greina. Allt að einu má segja, að með starfi nefndarinnar hafi verið lagður alltraustur grundvöllur að borgaralegum vörnum hér í bænum og mun það koma að góðum notum við áframhaldandi framkvæmdir í þeim málum.

Í desembermánuði 1956 gerði loftvarnanefnd sérstaka yfirlitsskýrslu um störf nefndarinnar frá upphafi og fylgir hún hér með í eftirriti. Í skýrslunni eru raktar helztu framkvæmdir nefndarinnar og gerð grein fyrir, hvernig fjármunum hafi verið varið. Í lokakafla er tekið fram, að nefndin telji rétt og sjálfsagt, að starfsemi verði haldið áfram og reyndar aukin til muna. Er þar og bent á mörg aðkallandi verkefni til athugunar fyrir stjórnarvöld bæjar og ríkis og þess getið, að nefndin muni biða átekta og ekki aðhafast neitt, er valdi fjárútlátum að ráði, nema að fengnum bændingum frá fjárveitingavaldinu.

Fjárveiting til loftvarnamála var engin á fjárlögum fyrir árið 1957, eins og áður segir. Loftvarnanefnd hélt þó allmarga fundi á því ári og vann áfram að ýmsum málum, sem byrjað hafði verið á. Meðal annars var lokið við uppdrætti og verkfræðilegar athuganir vegna byggingar loftvarnaskýlis undir Arnarhóli. Borgarlæknir aflaði nefndinni upplýsinga um nýjustu fyrirkomulagsatriði líknarmála erlendis, með sérstöku tilliti til kjarnorkuhernaðar.

Hinn 15. apríl 1957 mætti þáverandi borgarstjóri í Reykjavík á fundi loftvarnanefndar. Lýsti hann því yfir, að sízt mætti draga úr öryggisráðstöfunum, enda væri það ekki vilji bæjarstjórnar Reykjavíkur, sem hefði veitt sömu upphæð til loftvarna á árinu 1957 og áður hafði verið gert.

Í júlímánuði 1957 kom hingað til lands sir John Hodson, aðalráðunautur NATO í loftvarnamálum. Kynnti hann sér rækilega allt það, sem gert hafði verið hér á landi í þeim málum. Sat hann fundi loftvarnanefndar og ræddi við nefndarmenn um skipulagningu og framkvæmdir. Í skýrslu hans kom fram, að hann taldi mikilvægt starf hafa verið unnið í loftvarnamálum hér í bænum, en auðsynlegt væri að

halda því áfram í enn ríkari mæli. Sir John Hodsoll átti einnig viðræður við forsætisráðherra, utanríkisráðherra og tvo af starfsmönnum hans. Enda þótt loftvarnanefnd fengi ekki vitneskju um niðurstöðu þeirra viðræðna, hefur hún þó ástæðu til að ætla, að sir John Hodsoll hafi gert ákveðnar tillögur um það, hvað gera þyrfti í loftvarnamálum hér á landi.

Er komið var að áramótum 1958 og ekki höfðu borizt neinar ábendingar til loftvarnanefndar um að stjórnarvöld ríkisins hefðu áhuga fyrir áframhaldandi starfi hennar og ekkert fé veitt til loftvarna, töldu nefndarmenn sig ekki geta unnið að frekari framkvæmdum. Hefur nefndin ekki haldið fundi síðan, en framkvæmdastjóri, í samráði við formann hennar, séð um varðveislu birgða, váttryggingu þeirra og viðhald geymsluhúsa og annarra eigna í umsjá nefndarinnar.

Loftvarnanefnd Reykjavíkur vill enn á ný leggja ríka áherzlu á nauðsyn þess, að unnið verði áfram að undirbúningi varna fyrir borgarana, ef til ófriðar skyldi koma og með sérstöku tilliti til núverandi hættuástands. Skal í því sambandi bent á, að mál þetta snertir ekki eingöngu Reykjavík, heldur og ýmsa aðra staði á landinu.

Nefndinni er kunnugt um, að margt nýtt hefur komið fram í loftvarnamálum erlendis, síðan hún hætti störfum. Vill nefndin m. a. af þeim ástæðum eindregið leggja til, að ríkisstjórnin fái hingað erlendis frá sérfróða menn í loftvörnum til ráðuneytis um það, hvað gera beri í þeim málum hér á landi.

Fylgiskjal 3.

Álitsgerð Holtermann, hershöfðingja.

Inngangsorð.

Gera má ráð fyrir, að ef til styrjalda dregur, verði hún *algjör*.

Árásir munu að verulegu leyti verða gerðar úr lofti, og beinast bæði að hernaðarmannvirkjum og öðrum mannvirkjum.

Líkleg skotmörk í upphafi eru: Aðsetur æðstu stjórnvalda, flugvellir, flota-stöðvar, stór forðabúr, mikilvægar innflutningshafnir, samgöngumiðstöðvar og stór iðnaðarhverfi. Einnig er líklegt, að óvinurinn geri árásir á stærri bæi og þéttbýla staði, í því skyni að hafa áhrif á mótstöðuafli íbúanna, og þannig neyða landið til uppgjafar.

Gera má ráð fyrir mikilli eyðileggingu og tortímingu mannlífa af völdum þeirra árásarvopna, sem tiltæk eru í dag, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til verndar íbúunum.

Þetta á einkum við, ef um notkun kjarnorkuvopna verður að ræða.

Almannavarnir mun hvorki geta hindrað eyðileggingu né tortímingu mannlífa, en þær geta að verulegu leyti dregið úr tjóni og hindrað, að slíkt tjón hafi *úrslitabýðingu*.

Eins og nú er ástatt eru vel skipulagðar almannavarnir þess vegna mikilvægar fyrir framtíðartilveru hvernar þjóðar, og þær eru í dag einn af þýðingarmestu þáttum heildarvarnanna.

Tilgangur almannavarna er fyrst og fremst sá að *bjarga mannlífum*. Því marki er hægt að ná á tvennan hátt, annars vegar með ráðstöfunum til að hindra tjón, og hins vegar með ráðstöfunum til að bæta orðið tjón.

Til ráðstafana til að hindra tjón heyrir viðvörðun, dreifing, skýling og myrkvun. Ráðstafanir til að bæta tjón eru fyrst og fremst þær aðgerðir, sem framkvæmdar eru af þeim hluta liðs almannavarnanna, er hefur björgunarstarf með höndum, eftir að árás hefur verið gerð.

Við samningu tillagna þeirra, sem hér fara á eftir, hef ég haft mjög nauman tíma. Þær verða því að skoðast sem *almennar ábendingar* um fyrirkomulag al-

mannavarna á Íslandi. *Síðar verður að semja nákvæmar áætlanir, byggðar á vandlegum athugunum og staðarþekkingu á öllum aðstæðum.*

Viðvörðun.

Almennar viðvaranir í sambandi við loftárásir ætti að leitast við að tengja stjórnstöð bandamanna á Keflavíkflugvelli. Þar gætu verðir frá almannavörnunum fylgzt með staðarákvörðunum á óvinaflugvélum og aðvarað þá staði á landinu, sem álitnir eru í hættu, í samræmi við slíkar staðarákvarðanir.

Viðvörðunarkerfi (loftvarnaflautum (sirener) og loftvarnalúðrum (tyfoner)) ætti til að byrja með að koma upp á stöðum, þar sem íbúar eru fleiri en 2000. Í Reykjavík má nota þau tæki, sem þegar hafa verið keypt. Vegna viðvörðunar um geislavirkt úrfall þarf síðar að miða við, að sett verði upp viðvörðunarkerfi á stöðum, þar sem íbúar eru fleiri en 1000.

Tryggja verður nauðsynlega fjarskiptaþjónustu (síma og e. t. v. útvarp) til að koma viðvörðunarkerfinu í gang.

(Viðvörðun vegna geislavirks úrfalls er tekin til meðferðar síðar.)

Dreifing.

(Sbr. 5. gr. laga um almannavarnir.)

a) Það er álitin höfuðnaúðsyn, að öryggi æðstu stjórnvalda sé borgið meðan styrjöld er háð. Þess vegna verður að tryggja, að *forsetinn, ríkisstjórnin* og *Alþingi* geti flutt á örugga staði, og gera þarf áætlun um flutning þangað.

Ákveða þarf frambúðarstaði, sem hægt er að flytja til, og sem veita a. m. k. sama öryggi og almenn varnarbyrgi (sjá síðar). Það minnsta, sem gera verður til að byrja með, er að útvega skýli, sem veita vörn gegn geislavirku úrfalli.

b) Undirbúa þarf *allsherjarflutning* fólks frá a. m. k. 5 km svæði umhverfis *Keflavíkflugvöll*. Flytja verður allt fólk, sem ekki hefur lífsnauðsynlegum störfum að gegna á þessu svæði, til annarra staða, einnig ber að leitast við að flytja húsdýr á brott.

Athuga þarf, hvort ekki sé rétt að undirbúa svipaðan brottflutning fólks frá svæðinu umhverfis Hvalfjörð, sem e. t. v. yrði notaður af Atlantshafsbandalaginu sem flotahöfn.

c) Undirbúa þarf brottflutning úr *sjúkrahúsum* í *Reykjavík*. Með áætlunum þeim, sem þegar hafa verið gerðar, virðist góður grundvöllur lagður, að því er þetta atriði snertir.

d) Undirbúa þarf *brottflytning* fólks úr *Reykjavík á ófriðartímum*. Hve mikinn hluta íbúanna ætti að flytja þannig á brott er undir því komið, hve mörgum er hægt að útvega samastað á þeim svæðum, sem ætlað er að taka við fólkinu. Á þeim stutta tíma, sem var til umráða, hefur ekki verið hægt að mynda sér neina ákveðna skoðun á þessu atriði, og það er ekki unnt fyrr en nákvæm athugun hefur farið fram. Til að byrja með verður að gera áætlun um brottflutning eftirgreindra hópa: Barna innan 18 ára aldurs, fólks yfir 70 ára, mæðra með börn, kennara fyrir börnin og að öðru leyti fólks, sem ekki hefur lífsnauðsynlegum störfum að sinna í bænum.

Koma verður á fót sérstakri brottflutningamiðstöð til að annast flutninginn.

Skýling.

Talið er, að bygging varnarbyrgja sé eitt árangursríkasta skrefið til að vernda almenning á styrjaldartíma. Það tekur hins vegar tiltölulega langan tíma að koma slíkum varnarbyrgjum á fót, og þau eru tiltölulega dýr í byggingu.

Ég legg til, að það fyrsta, sem gert verður, sé eftirfarandi:

a) Í bæjum með meira en 2000 íbúa skal koma fyrir *einkavarnarbyrgjum* í *nýbyggingum* af tiltekinni stærð. Slík varnarbyrgi verða að þola yfirbrýsting, sem nemur 2 loftþyngdum; þau skýla þá nægilega gegn hita og veita mjög góða vernd gegn geislun. *Húsbyggjandi* greiði kostnað við að koma varnarbyrgjunum á fót. Áætlað er, að kostnaður nemi 1—2% af byggingarverði hússins.

b) Í öðrum bæjum en þeim, sem nefndir eru í a) lið, skal í *nýbyggingum* útbúa *varnarskýli* til að verjast *geislavirku úrfalli*. Varnarskýlin verða að gefa lækkunarhlutfall, sem nemur 100 (þ. e. styrkleikinn lækki í 1/100). Varnarskýlin greiðist af *húsbyggjanda*. Áætlaður kostnaður við að koma varnarskýlunum á fót er ¼% af kostnaðarverði hússins.

c) Í *eldri húsum á öllu landinu* sé húseiganda gert að skyldu að afla þess efnis, sem þörf er á, til að gera í húsinu *bráðabirgðavarnarskýli* gegn geislavirku úrfalli (lækkunarhlutfall 100).

Gefa verður út bækling með leiðbeiningum um, hvernig hægt er að fá nægilegt skjól. Starfsfólk almannavarnanna verður að öðru leyti að láta í té nauðsynlegar leiðbeiningar.

d) Í Reykjavík verði útbúin *almenn varnarbyrgi* fyrir 10% af íbúum bæjarins. Byrgi þessi eru fyrst og fremst ætluð þeim, sem eru útivið, þegar árás er gerð, og þeim, sem ekki hafa einkabyrgi, er þeir geta leitað til.

Þessi varnarbyrgi verða að þola yfirbrýsting, sem nemur minnst 6 loftþyngdum. Ef unnt er að byggja varnarbyrgin í klöpp — en að því ber að keppa — ætti að gera kröfu um 10 loftþyngda þol.

Kostnaðurinn skiptist milli ríkis og bæjar (t. d. ⅔ á ríkið og ⅓ á bæinn). Sérstakir verðir gæti hinna almennu varnarbyrgja.

Almenn varnarbyrgi séu *ekki byggð* í *öðrum bæjum* að svo komnu.

c) Séð sé fyrir öruggum stöðum, sem stjórnvöld landsins geti flutt til (sjá hér að framan).

Myrkvun.

Setja þarf reglur um myrkvun. Hvort og hvenær framkvæma á myrkvun fer að nokkru leyti eftir því, hvaða reglum herlið bandamanna fylgir.

Ríkið ætti þegar á friðartíma að útvega nokkurt magn af myrkvunarpappir,

Skipulagning.

Telja verður heppilegt að halda í horfi, svo sem unnt er, fyrirkomulagi því, sem kveðið er á um í 2. gr. laga um almannavarnir og reynslu hefur hlotið.

Nokkrar viðbætur virðast þó nauðsynlegar.

a) Almennavarnir ættu áfram að heyra undir dómsmálaráðuneytið.

Í dómsmálaráðuneytinu ætti að koma á fót sérstakri *skrifstofu fyrir almennavarnir*, er hefði það hlutverk að fjalla um öll þau mál, er varða landið í heild og einnig að aðstoða héraðsstjórnirnar í skipulagningar- og fræðslumálum.

Ekki er ætlað til, að skrifstofan hafi framkvæmdavald gagnvart héraðsstjórninni (lögreglustjóranum) á friðartímum, heldur starfi í umboði dómsmálaráðherrans, sem er næsti yfirmaður lögreglustjórans, einnig í öllum málum, er snerta almennavarnir.

Á ófriðartímum ætti að skipa almennavarnastjóra, sem heyri beint undir dómsmálaráðherra og sem sé nánasti yfirmaður lögreglustjórans. Gerð sé áætlun um sérstakt ráð fyrir almennavarnastjóranum, er starfi á grundvelli ofangreindrar skrifstofu almennavarna. Á ófriðartímum ætti almennavarnastjórinn og ráð hans að vera staðsett í nánd við dómsmálaráðherra.

Sá, sem skipaður verður almennavarnastjóri, ætti á friðartímum að fá tæki-

færi til að fylgjast með störfum yfirstjórnarinnar, sem í mikilvægum málum ætti að ráðfæra sig við hann.

Almennt ætti að velja lögreglustjórann í Reykjavík sem almannavarnastjóra og æðsti undirmaður hans að verða lögreglustjóri í bænum.

b) Setja ætti á stofn lítinn *aðalskóla fyrir almannavarnir*, sem hefði það hlutverk að annast menntun foringja og leiðbeinenda almannavarna. Skólinn heyri beint undir dómsmálaráðherrann (almannavarnastjóra). Eftir atvikum má skólinn vera hvort sem er fastur skóli eða grundvallast á tímabundnum námskeiðum.

Norsku almannavarnirnar gætu veitt aðstoð sína við menntun foringja og leiðbeinenda, þangað til skólanum hefur verið komið á fót. Síðan ætti smám saman að senda foringja á skóla almannavarna í öðrum löndum.

c) *Héraðs-almannavarnir* ættu eins og nú að heyra undir *lögreglustjórann*, sem hefði óskorað framkvæmdavald yfir þeim almannavarnagreinum, sem komið yrði á fót í hans umdæmi. Núverandi almannavarnanefndir (loftvarnanefndir) ættu að starfa áfram, en verða ráðgefandi nefndir fyrir lögreglustjórana.

Lögreglustjórinn í Reykjavík þarf að fá sér til aðstoðar framkvæmdastjóra ásamt starfsliði, sem gæti fjallað um skipulagninguna og haft daglegan rekstur almannavarna í höfuðborginni með höndum.

Meta verður í hverju einstöku tilfelli, hvort aðrir lögreglustjórar skuli fá sérstakt starfslið frá almannavörnum sér til aðstoðar.

d) Í bæjum með yfir 2000 íbúa séu *staðar-almannavarnir* skipulagðar. Þar sem lögreglustjórinn hefur aðsetur, skal hann jafnframt vera staðaryfirmaður.

Til aðstoðar staðaryfirmanni í ófriði sé fengið starfslið og *yfirmenn hinna ýmsu almannavarnagreina* skipaðir. Fjöldi starfsliðs og yfirmanna almannavarnagreina fer eftir því, hve staðaralmannavarnirnar eru umfangsmiklar. Framkvæmdastjórinn og aðstoðarmenn hans myndi kjarnann í slíku starfsliði, ef til kemur. Samkvæmt 4. gr. laga um almannavarnir er hægt að fela starfsliði og yfirmönnum almannavarnagreina skyldustörf á hendur einnig á friðartímum.

Á hverjum stað, þar sem almannavarnir eru, skal skipuleggja: Hverfisþjónustu og hjálparlið.

Í hverfi eru um 500 íbúar (1—2 byggingareitir) með hverfisverði, þ. e. hverfisstjóra, staðgöngumanni og 12 manna liði. Hverfisstöð sé ákveðin fyrir vörðinn. Stöðin verður a. m. k. að veita sama skjól og einkavarnarbyrgin.

Í *hjálparliðinu* þurfa að vera 4—5% íbúanna og hlutverk þess að ná til eftirfarandi greina: Brunavarna, björgunar- og hjúkrunarþjónustu, ruðningsþjónustu, ABC-þjónustu, löggæzlu, fjarskiptaþjónustu, tækniþjónustu og birgðaðþjónustu.

Hjálparliðinu sé skipað í flokka, sveitir og deildir. Því má skipta í framkvæmdalið (samsettar einingar, sem hafa allar þjónustugreinar innan sinna vébanda) og aðstoðarlið.

Stærð og samsetning hjálparliðsins mun verða mismunandi fyrir hverjar einstakar staðaralmannavarnir og verður að vera háð nákvæmri skipulagningu.

Hluta hjálparliðsins má láta í té sem *nágrannaaðstoð* til annarra staðaralmannavarna, sem hafa aðsetur í nánd. Þannig ætti að koma á fót náinni samvinnu milli þeirra almannavarnagreina, sem Reykjavík stofnsetur, og þess liðs bandamanna, sem valið verður og þjáfað til almannavarna á Keflavíkurflugvelli.

Sjá verður hverfisþjónustunni og hjálparliðinu fyrir einstaklingsbúnaði (einkennisbúningi, gasgrímu o. fl.) og deildarbúnaði (brunadælum, verkfærum, sjúkrabörum, sjúkrabilum o. fl.). Unnt er að nota allan þann útbúnað, sem komið hefur verið upp í Reykjavík.

Ef hentugt þykir má geyma einstaklingsbúnaðinn heima hjá hverjum einstökum meðlimi almannavarna. Deildarbúnaðinn verður hins vegar að geyma í sérstökum *birgðaskemmum*, en flytja verður hann á ófriðartímum til safnstöðva, þar sem ákveðið er fyrirfram, að lið mæti.

Safnstöðvarnar verða að veita eins mikla vernd og framast er unnt. Þær ör-

byggiskrófur, sem gera verður, eru háðar því, hve langt er frá safnstöð að miðbiki bæjarins. Minnsta krafa, sem gera verður til safnstöðvar, er, að hún veiti vernd gegn geislavirku úrfalli.

Fyrir hverjar einstakar staðaralmannavarnir þarf að koma á fót stjórnstöð, og verður að vera hægt að stjórna aðgerðum almannavarnaliðsins þaðan. Stjórnstöðin verður að veita a. m. k. sömu vernd og almenn varnarbyrgi; sjá verður fyrir góðu fjarskiptasambandi þaðan.

Athuga ber, hvort ekki sé rétt að sjá ríkisútvarpinu (varaútvarpssalur), hafnarstjóra og hluta af viðkomandi sveitarstjórn fyrir samastað í stjórnstöðinni, auk staðaryfirmanns ásamt starfsliði og yfirmönnum hinna ýmsu almannavarnagreina.

Lagt er til, að ekki verði skipulögð nein *fjarhjálparstöð* á Íslandi í bili.

Fræðsla og þjónustuskýlda.

Gert er ráð fyrir, að 4. gr. laga um almannavarnir verði látin ná til kvenna og manna á aldrinum 18—65 ára.

Svo sem fram kemur hér að ofan er þörf á liði vegna eftirfarandi almannavarnagreina: Hverfisþjónustunnar, hjálparliðsins, brottflutningsþjónustunnar, vörzlu í almennum varnarbyrgjum og stjórnarstarfsliðs.

Þörfin á fræðslu og hjálfun er mismunandi vegna hinna ýmsu greina.

Lagt er til, að þetta verði sem hér segir:

Hverfisþjónusta og brottflutningsþjónusta.

Frumfræðsla	20 tímar
Upprifjun	10 tímar á ári
<i>Hjálparliðin.</i>	
Frumfræðsla	40 tímar
Upprifjun	20 tímar á ári
<i>Stjórnarlið.</i>	
Frumfræðsla	60 tímar
Upprifjun	20 tímar á ári
<i>Verðir í varnarbyrgjum.</i>	
Frumfræðsla	10 tímar
Upprifjun	5 tímar á ári.

Þjónustan er venjulega innt af hendi á kvöldin, að loknum vinnudegi.

Auk þess verður að vera hægt að kveðja það af starfsliðinu, sem valið er til *foringja*, til nauðsynlegra foringjanámskeiða.

Leiðbeinendur ættu, að svo miklu leyti sem unnt er, að vera fastir starfsmenn og ferðast milli hinna ýmsu lögregluumdæma.

Þjóða ætti starfsliði þannig út, að réttur maður (kona) sé á réttum stað eftir því sem mögulegt er.

Til foringja veljist að öðru jöfnu skólagengið starfslið. Það sjónarmið, sem mælir með þessu, er, að hægt ætti að vera að leggja meiri þjónustu á herðar því starfsliði, sem ríkið hefur veitt ókeypis fræðslu.

Geislavirkt úrfall.

Í samvinnu við heryfirvöld bandamanna ætti að ákveða *ábyrgðargreiningu*, þegar um er að ræða ráðstafanir, sem gera þarf vegna geislavirks úrfalls.

Gengið er út frá, að bandamenn geti tekið á sig ábyrgðina af að tilkynna, hvar, hvenær og hvernig (í lofti eða jörð) kjarnasprengja hefur sprungið og hve stór sú sprengja var. Í samvinnu við veðurfræðinga ættu bandamenn einnig að geta gefið út „spá“, sem segir fyrir um, hvar mögulegt úrfall muni bera niður.

Íslenzk yfirvöld almannavarna verða hins vegar að taka að sér að *aðvara* íbúana um úrfallið, koma á fót nauðsynlegri *mæliþjónustu* og að öðru leyti gera þær ráðstafanir, sem kynnu að vera nauðsynlegar til að bjarga íbúunum.

Almannavarnastjóri ætti að bera ábyrgð á *viðvörðuninni* og hann verður að hafa náð samband við yfirforingja bandamanna. Hann verður einnig að hafa sér til aðstoðar fulltrúa frá heilbrigðisyfirvöldunum og geislunarfræðing.

Þar til ráð fyrir almannavarnastjóra verður sett á fót er athugandi að fela bandamönnum að annast viðvörðunina.

Að öðru leyti verður að gera nákvæma áætlun um viðvörðunina fyrir hvert einstakt lögregluumdæmi, þannig að hver einasti íbúi fái viðvörðun, ef unnt er.

Mæliþjónustuna verður að skipuleggja fyrir allt landið, en hve þétt mælistöðvar eru settar fer eftir íbúatölu landssvæðanna. Gera má ráð fyrir, að 80—100 stöðvar nægi til að byrja með.

Mælistöðvar geta að miklu leyti verið tengdar staðaralmannavörnunum, rafstöðvum og iðjuverum, ásamt veðurathugunarstöðvum. Á mælistöðvunum þurfa að vera nauðsynleg mælitæki (mælir er sýnir geislunarskammt, styrkleika-mælir o. fl.).

Sjúkrahús.

Svo sem nefnt er hér að framan, þarf að sjá um brottflutning úr sjúkrahúsum á þeim stöðum, sem eru í hættu. Til að auka sjúkrarýmið þarf að koma á fót varasjúkrahúsum. Tæki verður að útvega fyrir varasjúkrahúsin og ákveða starfslið.

Það er mjög mikilvægt, að ákveðin sé skipting á ábyrgð milli sjúkrahúsanna og almannavarna. Ég geng úr frá, að Toftemark yfirlæknir muni fjalla um þetta atriði. Hér mun ég einungis skýra frá í stórum dráttum, hvernig fyrirkomulagið er í Noregi. Ábyrgð á öllu, er snertir sjúkrahúsin (brottflytningur, uppsetning nýrra sjúkrahúsa, lækni meðferð), er í höndum heilbrigðisstjórnarinnar. *Almannavarnir* bera hins vegar ábyrgð á öllu því, sem hendir *utan* sjúkrahúsanna: Leita uppi særða, flytja þá til safnstaða og þaðan á hjálparstöðvar, hafa með höndum aðgreiningu og láta hinum særðu aðstoð í té, sem gerir þá hæfa til flutnings, og flytja þá aftur til sjúkrahúsanna til endanlegrar lækni meðferðar. Í þessu skyni koma almannavarnir á fót björgunarsveitum, hjálparstöðvum, fullkonnari hjálparstöðvum og sjúkrabílum. Auk þess skipuleggja þær meiri háttar flutninga aftur til sjúkrahúsanna.

Sjálfs hjálp.

Almannavarnir geta ekki veitt öllum aðstoð: Þess vegna verður fólk að læra að hjálpa sér sjálft.

Gefa verður út bæklinga með leiðbeiningum um sjálfs hjálp.

Auk þess þyrfti skóli almannavarnanna að mennta leiðbeinendur, sem síðan gætu veitt íbúunum fræðslu á þessu sviði, á stuttum námskeiðum. Skipuleggja ætti samvinnu um þessi mál við frjáls samtök.

Athuga þarf enn fremur, hvort ekki væri rétt að gera almannavarnir að námsgrein í skólunum.

Birgðir.

Meðan ekki hefur verið komið á fót efnahagslegum varnarviðbúnaði á Íslandi, þurfa almannavarnir, að svo miklu leyti sem unnt er, að sjá um, að íbúunum berist birgðir, t. d. eftir meiri háttar sprengjuárás. Þessi þjónusta ætti að vera undir stjórn hlutaðeigandi lögreglustjóra með aðstoð birgðaðjónustu staðaralmannavarna og brottflytningaþjónustunnar (þegar brottflytningi er lokið). Þegar á friðartíma þarf að útvega almenningseldhús og koma upp matvælabirgðum, helzt í afmældum skömmtum (neyðarskammtar).

Það, sem sitja á í fyrirrúmi við uppbygginguna.

Það tekur tíma að byggja upp almannavarnir á Íslandi. Hægt er að vinna að mörgum hlutum samtímis, en fyrr eða síðar vaknar spurningin um, hvað sitja á í fyrirrúmi.

Án þess að fara út í smáatriði vil ég nefna eftirfarandi röð, sem í stórum dráttum gefur ábendingar um álit mitt á mikilvægi framkvæmdanna.

Áætlanir um flutning æðstu stjórnvalda landsins.

Almannavarnaskrifstofu í dómsmálaráðuneytinu og ráðing framkvæmdastjóra ásamt starfsliði við almannavarnirnar í Reykjavík.

Fræðsla foringja og óbreytts liðs.

Aukning geislunarþjónustunnar.

Bygging varnarbyrgja.

Útvegum tækja vegna hinna ýmsu almannavarnagreina.

Áætlanir um brottflutning.

Skipting kostnaðar.

Í stórum dráttum gera lögin um almannavarnir ráð fyrir, að kostnaður skiptist þannig, að 50% komi í hlut ríkissjóðs og 50% í hlut sveitarfélagsins.

Þessi skipting er vissulega þjóðfélagsspurning, sem ég hef lítil skilyrði til að geta dæmt um.

Ég vil einungis geta þess, að reynslan í Noregi sýnir, að skipulagið verður styrkara, ef hlutur ríkisins er aukinn.

Ég leyfi mér að leggja til, að útgjöld sveitarfélagsins *takmarkist í höfuðdráttum* við eftirfarandi:

Þátttaka í byggingu varnarbyrgja (sjá að framan).

Stofnun og útbúnaður hverfisþjónustunnar.

Stofnun og útbúnaður brottflutningsþjónustunnar.

Stofnun og útbúnaður vegna varðþjónustunnar við hin almennu varnarbyrgi.

Útvegum skólastofa og æfingarsvæði fyrir hjálparliðið.

Útvegum staða fyrir loftvarnaflautur og -lúðra.

Þátttaka í útgjöldum við að koma fyrir matvælabirgðum.

Það, sem ótalið er, ætti ríkið að annast að mestu leyti.

Fylgiskjal 4.

Álitsgerð C. Toftemark.

Undirstaða skýrslunnar

Á þeim fáu dögum, sem liðnir eru, síðar ég kom, hef ég fengið tækifæri til að kynna mér:

Loftvarnalögin frá 1941 með breytingum frá 15. desember 1951.

Skýrslu loftvarnanefndar frá desember 1956 og

Greinargerð Holtermann, hershöfðinga, frá desember 1961.

Enn fremur hef ég átt viðræður við meðlimi loftvarnanefndar, bæði hvern einstakan þeirra og alla saman. Ég hef einnig átt viðtöl við landlækni, forstjóra Landsspítalans, yfirskurðlækna Landsspítalans og Landakotsspítala, ásamt forstjóra Lyfjaverzlunar ríkisins.

Á aukafundi í læknafélaginu hitti ég marga starfsbræður mína, og sömuleiðis hef ég hitt fulltrúa frá blöðum og útvarpi.

Mér hefur verið sýnd stjórnstöð og birgðaskemmur almannavarna og ég hef heimsótt Reykjalund, þar sem fyrirhugað er, að varasjúkrahús verði.

<p>Gildi starfsemi almanna- varna fram að þessu</p>	<p>Loks hef ég, ásamt lögreglustjóranum og borgarlækni, heimsótt herstöð Bandaríkjamanna og rætt við yfirmenn hersins og lækniþjónustunnar um hin sameiginlegu vandamál.</p> <p>Svo sem ég hef þegar haft tækifæri til að skýra ráðherranum frá, er ég þeirrar skoðunar, að almannavarnakerfi það, sem á sínum tíma var komið upp, sé ágætt til að byggja áframhaldandi starf á.</p>
<p>Greinargerð Holtermann hershöfðingja</p>	<p>Ég er í öllum atriðum sammála þeim almennu sjónarmiðum, sem Holtermann hershöfðingi hefur gert grein fyrir, en ég mun hér á eftir leyfa mér að láta í ljós nokkrar almennar hugleiðingar, auk nokkurra lækni- og fræðilegra sjónarmiða, um það kerfi, sem nauðsynlegt er að koma á fót, til að unnt sé að annast særða og sjúka á örlagatímum.</p>
<p>Skipulagsforsendur NATO</p>	<p>Almennar hugleiðingar.</p> <p>Samkvæmt skipulagsforsendum NATO má gera ráð fyrir, að ef til styrjaldar dregur, verði hún þegar í upphafi algjör og að lyktir fyrstu dagana hafi úrslitabýðingu.</p> <p>Talið er óhætt að gera ráð fyrir „hernaðarviðvörðun“, sem gæti veitt eins til tveggja daga frest til að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna almannavarna.</p> <p>Til að unnt sé að hagnýta sér slíka viðvörðun er gert ráð fyrir, að viðtæk skipulagning hafi verið framkvæmd fyrirfram, að fyrir hendi séu tæki og þjálfað lið og að þær ráðstafanir, sem langan tíma tekur að gera, hafi verið framkvæmdar þegar á friðartíma. Þetta á t. d. við um öryggisbyrgi, stjórnstöðvar og sérstakar samgönguæðar milli þeirra, ýmiss konar viðbúnaðarbirgðir o. s. frv.</p>
<p>Skilgreining á aðstæðum</p>	<p>Hentugt er að skilgreina fyrir fram hvaða hernaðarforsendur leggja á til grundvallar við skipulagninguna. Hvaða áhætta kunní að fylgja, eða m. ö. o. hvers kyns styrjöld það er, sem gæti dunið yfir landið.</p>
<p>Skoðun að því er DANMÖRKU snertir.</p>	<p>Slík skilgreining hefur leitt til eftirfarandi niðurstöðu að því er Danmörku snertir.</p>
<p>Tegund árása</p>	<ol style="list-style-type: none"> 1. Ætla má, að líkindi séu til <ul style="list-style-type: none"> — að loftárásir verði gerðar undir öllum kringumstæðum, með venjulegum vopnum eða A-vopnum, á einstaka staði, er hafa hernaðarþýðingu, einkanlega bækistöðvar flughersins; — að árásir verði gerðar í landvinningaskyni af herliði búnu venjulegum vopnum, e. t. v. með stuðningi sérstakra A-vopna. 2. Gera má ráð fyrir <i>alvarlegri hættu</i> á geislavirku úrfalli frá vetnissprengju, sem varpað hefur verið niður <i>utan</i> dansks landsvæðis. Úrfallið getur borið að, hvar sem er í landinu. 3. Gera má ráð fyrir þeim <i>möguleika</i> <ul style="list-style-type: none"> — að efnafræðilegum og líffræðilegum vopnum verði beitt; — að vetnissprengju verði beint gegn Kaupmannahöfn, en þó e. t. v. varpað þannig, að ekki verði eyðilegging á sjálfum bænum, en að mikið geislavirkt úrfall falli á hann.

Hertaka landsins

Verði bein árás gerð á Danmörku í því skyni að sigra landið, má búast við, að slík árás verði gerð af herliði, sem er ætlað það hlutverk að sigra og hernema landið með skyndi-áras. Sennilegt er, að árásin verði studd að nokkru leyti með loftárásum á samgöngumiðstöðvar til að torvelda varnirnar og að nokkru leyti með loftárásum á Kaupmannahöfn og aðra bæi í því skyni að valda ofsahræðslu og vonleysi.

Auk þessa mun árásarherinn verða studdur venjulegum vopnum (sprengjum, sprengikúlum o. s. frv.) og sérstökum A-vopnum, sem beint verður að skotmörkum, er hafa hernaðarþýðingu, svo sem flugvöllum, strandvarnastöðvum, flotahöfnum og herskipum.

Ólíklegt er, að vetnissprengjur verði notaðar í þessu sambandi.

**Skipulagning almanna-
varna í Danmörku**

Við frekari skipulagningu almannavarnanna þarf að láta eftirfarandi atriði sitja í fyrirrúmi:

Aðalatriði

- I) Vernd gegn venjulegum vopnum og A-vopnum, sem beint er að stöðum, er hafa hernaðarþýðingu, og að bæjum, ásamt vernd gegn geislavirku úrfalli frá sprengjum, sem varpað er niður utan dansks landsvæðis.
- II) Vernd gegn efnafræðilegum og líffræðilegum vopnum og loks
- III) Vernd gegn vetnissprengjum, sem varpað er á danskt landsvæði.

Með lausn þeirra atriða, sem nefnd eru í I. og II. lið, fæst veruleg vernd fyrir borgarana í mjög mörgum þeim tilvikum, sem geta borið að höndum — og jafnframt hefur skapazt grundvöllur fyrir lausn síðastnefnda atriðisins.

Hliðstæður

Þetta er sem sagt gildandi *dönsk* skoðun, en ef litið er á hernaðarþýðingu Danmerkur og Íslands og fyrirbyggjandi árasarmöguleika, er ekki óeðlilegt, að niðurstöðurnar, að því er Ísland snertir, séu hliðstæðar.

Mat „Standing Group“

Fela mætti NATO-sendiráðinu að beina fyrirspurn til æðstu heryfirvalda bandamanna, væntanlega „Standing Group“ í Washington, í því skyni að fá upplýsingar um mat þeirra á hernaðarþýðingu Íslands, sem hafa mætti til hliðsjónar við samningu slíkrar skilgreiningar, sem nefnd er hér að framan.

Takmarka má tjón

Það virðist ekki óraunhæft að álykta, að enda þótt orðið geti verulegt tjón, þá þýði það ekki sama og gjöreyðingu, og ef virkar almannavarnir eru fyrir hendi, er unnt að draga verulega úr hvorutveggja eigna- og manntjóni.

Landssamtök

Slík samtök ættu að ná til alls landsins. Þau verða að grundvallast á skilningi almennings og jákvæðri afstöðu hans til vandamála. Upplýsingastarfsemi viðkomandi aðila, með aðstoð blaða og útvarps, getur verið mikil hjálp — enn frekara árangri mætti ná, ef hægt væri að vekja áhuga starfandi félagasamtaka, og félaga á að vinna að upplýsingastarfsemi fyrir almenning — e. t. v. á þann hátt að ráða til starfa þá af meðlimum samtakanna, sem eru reiðubúnir að starfa sem leiðbeinendur á viðari grundvelli, eftir að hafa tekið þátt í námskeiðum, er stjórnvöldin hafa skipulagt.

**Þátttaka almennings
Upplýsingar**

Leiðbeinendur

Allir eru hluti í viðbúnaði almanna-
varnasamtöku

Svo sem Holtermann hershöfðingi hefur þegar lagt áherzlu á í greinargerð sinni, er nauðsynlegt að skipuleggja almanna-
varnasamtök þegar á friðartímum; en á hinn bóginn er árið-
andi, að ekki verði litið á almannavarnir sem hin einu samtök,
sem hafi skyldu til að hugsa og sjá um skipulagningu á sviði
almanna-
varna. Sérhvert ráðuneyti, sérhver stjórn, verður að
hafa skyldu til að taka nauðsynlegar framtíðarákvarðanir á
sínu sviði, í því skyni að forðast afleiðingar hættuástands.

Samræming

Það virðist eðlilegt að stofna „samræmingarráð“ milli ráðu-
neytanna til að styðja og efla þessa viðleitni innan ráðuneyt-
anna — hvort sem um er að ræða á sviði heilbrigðismála,
landbúnaðarmála, viðskiptamála, samgöngumála eða á öðrum
sviðum.

Ábyrgðargreining á
friðar- og styrjaldar-
tímum

Ákveðin ábyrgðargreining, að því er skipulagninguna
varðar, er nauðsynleg — og „herstjórnarfyrikomulag“ á ófrið-
artímum, sem öllum er gert kunnugt, er óhjákvæmilegt.

Mótstöðuafli almennings

Reynslan sýnir hve mikilvægt það er fyrir mótstöðuafli
alls almennings, að örugglega sé séð fyrir því, að ábyrg
ríkis-
stjórn geti starfað áfram og viðhaldið sambandinu við íbúana.

Öryggi fyrir ríkis-
stjórnina

Öryggisbyrgi, sem byggð eru og innréttuð nægilega snemma
og í hæfilegri fjarlægð frá hugsanlegum skotmörkum, þar sem
hægt er að hafa samband við útvarp, blöð og aðra fréttabjón-
ustu, eru bráðnauðsynleg. Í þeim þarf að vera unnt að hýsa þjóð-
höfðingjann, ríkisstjórnina og a. m. k. einhverja fulltrúa á
þingi. Þaðan þarf einnig að vera auðvelt að hafa samband
við önnur æðstu stjórnvöld, fyrst og fremst almanna-
varna-
stjórn. Almanna-
varnastjórnin verður vegna viðvörunar og
af öðrum ástæðum að hafa beint samband við heryfirvöld
bandamanna.

Við hugsanlegt hernám

Vel skipulagt almanna-
varnakerfi hefur ekki einungis því
hlutverki að gegna að bjarga mannlífum í fyrstu hryðju hugs-
anlegrar styrjaldar, en getur haft afgerandi þýðingu fyrir til-
veru þjóðarinnar við hugsanlegt hernám.

Ákvæði Genfarsáttmálanna frá 1949 ná einnig til almennings
og almanna-
varnasamtakanna. Bæði vestur- og austurveldin eru
aðilar að þessum áttmálum.

Genfarsáttmálar

Það er þýðingarmikið að gera almenningi ákvæði Genfarsátt-
málans um stöðu óbreyttra borgara kunn, bæði að því að varðar
ákvæðin um réttindi og skyldur — þetta á ekki sízt við um
starfslið við læknisþjónustuna.

Sérstakar hugleiðingar um skipulag við umönnun særðra og
sjúkra.

Tala særðra og látinna

Það er naumast unnt að áætla tölu særðra og látinna eftir
árás. Hve mikið tjón verður á fólki er undir mörgu komið,
t. d. hvers kyns vopn eru notuð og sprengiafli þeirra; fyrirfram
viðvörun til íbúanna; möguleikum til brottflutnings að nokkru
eða öllu leyti; að fyrir hendi séu nægilega mörg og örugg
öryggisbyrgi; á hvaða stundu árás er gerð; árstími og veðratta
og möguleikum íbúanna til sjálfshjálpar og loks því, hve um-
fangsmikil og virk hin opinbera hjálparþjónusta er.

Skipting tjóna

Viðurkenna verður, að ef um er að ræða viðtæka árás með venjulegum vopnum — jafnvel án þess að um notkun kjarnavopna sé að ræða — getur fjöldi særðra og látinna orðið mjög mikill og e. t. v. náð til 5—10% þeirra, sem staddir eru innan endimarka hins eiginlega skotmarks. Af þessum fjölda má í stórum dráttum reikna með $\frac{1}{3}$ dánur, $\frac{1}{3}$ mikið særðum og $\frac{1}{3}$ minna særðum. Undir óhagstæðum kringumstæðum mun dánartalan hækka en tala mikið særðra lækka að sama skapi.

Gert er ráð fyrir, að af þeim, sem lifa árás, munu um það bil 65% hljóta sáraverka á mjúkum vefjum og heimbrot, um það bil 60% meiri eða minni brunasár — og við þetta bætast 15—25% með geislunarskemmdir, ef kjarnavopn hafa verið notuð, auk þess sem þeir hafa orðið fyrir einni eða fleiri tegundum annarra þeirra áverka, sem getið er hér að framan.

Breytt meðferð

Til að forða eins stórum hóp og mögulegt er frá svo umfangsmiklum slysum, er nauðsynlegt, að gripið sé til allra tiltækilegra ráða og nota læknismeðferð, sem á friðartímum væri ótæk — en sem nauðsynleg kann að vera vegna ríkjandi ástands, til að forða eins mörgum og unnt er frá líftjóni.

Meðferðin verður að vera í samræmi við ástandið á viðkomandi augnabliki og hana verður að ákveða með hliðsjón af því, hve slysið er umfangsmikið, og í samræmi við þá möguleika um meðferð, sem fyrir hendi eru — þ. e. a. s. getu hjálparveita og fjölda sjúkrabíla, fjölda lækna og hjúkrunarliðs og útbúnað þess.

Sjálfs hjálp

Þýðingarmikið er, að miklum hluta þjóðarinnar sé leiðbeint um sjálfs hjálp, þar með talin hin frumstæða kennsla í skyndihjálp á slysaástand, sem nefnd er „hjálp í viðlögum“. Sviði og efni þessara leiðbeininga gerði læknanevnd NATO grein fyrir á sínum tíma. Þær hafa nú þegar náð mikilli útbreiðslu í mörgum löndum (í Danmörku hefur 75000 manns verið leiðbeint síðustu tvö ár).

Hjálp í viðlögum**Mikilvægi á friðartímum**

Reynt er að koma þessari kennslu á í efstu bekkjum skólanna, í sambandi við umferðarkennslu. Enn fremur hafa komið fram tillögur um að slíkt nám skuli vera skilyrði til að fá ökuskrteini, út frá því sjónarmiði, að þessi þekking geti einnig haft mikla þýðingu á friðartímum, vegna hinna tíðu umferðarslysa og annarra slysa.

Einkavarnir

Að sjálfsögðu verða meðlimir hverfisflokka íbúðarhverfa og atvinnufyrirtækja o. s. frv. að hafa aflað sér þessarar þekkingar. Á þennan hátt skapast sá möguleiki, að mikill fjöldi særðra geti hjálpað sér sjálfir, eða að þeim verði hjálpað af einhverjum nærstöddum — löngu áður en hugsanlegt er, að nokkur opinber hjálpar geti horizt.

Opinber hjálpar

Skipuleggja verður hina opinberu hjálpar innan hjálparþjónustu almannavarnanna og á sjúkrahúsum.

Hlutverk almannavarna

Í mörgum löndum hefur verið talið hagkvæmt að fela almannavörnunum ábyrgðina á skipulagningu og þjálfun björgunarsveita og liðs til sjúkraflutninga, en læknisþjónustan er aftur á móti öll skipulögð frá sjúkrahúsum. Þeim er skylt að skipuleggja læknismeðferðina innan sinna veggja og reka „annexiur“ og varasjúkrahús, ef á þarf að halda, ásamt hjálparstöðvum á slysaástand til skyndimeðferðar á særðu fólki

Hlutverk sjúkrahúsanna

Björgunarsveitir og sjúkraflutninga	— í Danmörku eru þær kallaðar læknastöðvar (forward medical units), og loks að skipuleggja nauðsynlega umönnun þeirra, sem liggja sjúkir heima.
Vöru- og sendiferðabifreiðar	<i>Hjálparsveitir almannavarna</i> til björgunar og sjúkraflutninga verða að vera hæfilega stórar, skipaðar vel þjálfuðu liði, er hefur mjög góða þekkingu. Í liði þessu ættu aðallega að vera iðnaðarmenn og atvinnubifreiðastjórar og veita verður þeim nákvæmar upplýsingar um meðferð særðra.
Útbúnaður	Útvega þarf vöru- og sendiferðabíla, sem eru vel fallnir til flutnings á sjúkrabörum — og e. t. v. langferðabíla til flutnings á lengri leiðum frá slysavörðstöð („læknastöð“) til sjúkrahúss.
Hjálparsveitarstöðvar	Við kvaðningu verða bílar og lið að mæta, og sjá verður fyrir sjúkrabörum, sáraumbúðum og spelkum.
Föst fyrirmæli	Bifreiðar, sem kvaddar eru til þjónustu, verður að staðsetja í úthverfi bæjarins á hjálparsveitarstöðvum, sem heyra undir hjálparsveitarstjórnann.
Þjónustuskýlda	Sjúkraflutninga- og björgunarsveitir verða að hafa „föst fyrirmæli“ um að halda af stað strax og tjón hefur orðið, og hefja þegar flutning þeirra, sem mest eru særðir af þeim, sem auðveldast er að ná til, á leið hjálparsveitanna, að aðalslyssvæðinu. Áður en hinir særðu eru fluttir til næstu slysavörðstöðvar, verða hjálparsveitirnar að hafa veitt þeim allra nauðsynlegustu meðferð til bjargar lífinu.
Sjúkrahúsaráðgjafi	Eftir að hafa skilað hinum særðu á næstu slysavörðstöð, þar sem afhentar eru nýjar börur og teppi, snúa sjúkrabílanir aftur til að ná í annað fólk, er slasast hefur.
Spjaldskrá um lækna	Ekki má gera ráð fyrir, að hver sjúkrabíll fari meira en tvær ferðir á klukkustund.
Almannavarnastjórn sjúkrahússins	Í almannavarnalögum ættu að vera ákvæði um þjónustuskýldu <i>alls</i> hjúkrunarliðsins.
	Öll sjúkrahús landsins ættu að lúta stjórn sjúkrahúsaráðs, sem gefa ætti ráð og leiðbeiningar um skipulagningarstarfið á friðartímum og hafa heimild til að stjórna framkvæmdum og samræma þær á styrjaldartímum.
	Talið er heppilegt að hafa spjaldskrá um alla lækna, þar sem einnig er að finna stuttar upplýsingar um menntun þeirra, e. t. v. ásamt upplýsingum um hvaða störf þeir óska að vinna innan almannavarna á hættutímum.
	Á öllum sjúkrahúsum ætti að skipa almannavarnastjórn. Í almannavarnastjórninni ætti að vera háttsettur læknir, framkvæmdastjóri viðkomandi sjúkrahúss og háttsett hjúkrunar-kona.
	Almannavarnastjórninni er skylt:
	1) að láta gera viðbúnaðaráætlanir í samræmi við fyrirmæli sjúkrahúsaráðs.
	2) að ganga úr skugga um, að allir þeir, sem þessar áætlanir ná til, kynni sér þær.
	3) að hlutast til um, að viðkomandi aðstoðarmenn hljóti kennslu við þau störf, sem þeim er ætlað að vinna.
	4) að sjá um, að haldnar séu æfingar við og við til að ganga úr skugga um, að unnt sé að framkvæma áætlanirnar.

	5) að koma á fót og viðhalda sambandi við aðrar deildir almannavarna.
Starfsvið sjúkrahúsanna	Sjúkrahúsin kunna að þurfa að framkvæma <i>margs konar störf</i> og er það komið undir ástandinu hverju sinni — og einnig því, hvort sjúkrahúsið er á stað, sem ógnað er, eða stað, sem þegar hefur orðið fyrir árás — eða hvort það er á stað, þar sem er tiltölulega rólegt. Það verður því að gera nákvæmar áætlanir vegna hinna ýmsu tilvika:
Rýming að nokkru leyti	Áætlun um rýmingu sjúkrahússins að nokkru eða öllu leyti. Af hagkvæmnisástæðum verður varla um að ræða algjöran brottflutning sjúklinga, starfsfólks og tækja frá sjúkrahúsinu á annan stað, þar sem hægt væri að koma öllu fyrir aftur, þar eð slíkur brottflutningur tekur marga daga og krefst mikillar vinnu.
Útskrifun	Á hinn bóginn þarf að gera áætlun um útskrifun þeirra sjúklinga, sem ekki er búin nein hætta á lífi eða limum vegna heimsendingar eða sendingar á stað, þar sem umönnun er ófullkomin. (Samkvæmt reynslu danskra sjúkrahúsa er hér um að ræða 60—65% af venjulegum sjúklingafjölda).
Öryggisbyrgi	Þá sjúklinga, sem eftir verða, þarf að vera unnt að flytja í öryggisbyrgi í kjallaranum — eða svo fljótt sem verða má í varasjúkrahús. Sömuleiðis þarf að flytja ákveðinn hluta starfslíðsins með sjúklingunum, ásamt lækningatækjum og þess háttar, sem það sjálft getur borið.
Bráðabirgða lækni-aðgerð	Innrétta þarf vel varin öryggisbyrgi í kjöllurum til bráðabirgða lækni-aðgerða, svo að þangað sé hægt að flytja það af starfslíðinu, sem verður eftir á sjúkrahúsinu, ásamt nauðsynlegum tækjum o. fl., þannig að unnt sé að taka kjallara-herbergi þessi í notkun með skömmum fyrirvara til skjótra lækni-aðgerða. Mikilvægt er, að á friðartíma sé séð fyrir vatnslögn, ljósi, hita og skolprörum — og helzt varavatsbirgðum.
Starfsemi hjúkrunarstöðva	Ef bærinn verður fyrir árás, er hlutverk kjallarabyrgis þessa að vera slysavarðstöð — þ. e. a. s. sjúkrabílarirnir flytja þangað stórslasað fólk. Í forherbergi, sem þarf að vera eins rúmgott og unnt er, fer fram athugun á ástandi hinna særðu, en þeir greinast aðallega í fjóra hópa:
Greining	I. Lítið særða, sem unnt er að senda heim eða hægt er að fela félagsmálþjónustunni að annast um eftir nauðsynlega aðgerð, sem aðstoðarhjúkrunarlið framkvæmir að ráði lækni eða hjúkrunarkonu. II. Fólk, sem verður að komast undir læknishendi þegar í stað, t. d. til stöðvunar á blóðrás, til að halda öndunarvegnum opnum, til meðferðar á taugaáfalli. III. Sært fólk með byrjandi einkenni taugaáfalls, sjúklingar, sem vegna liðanar sinnar geta beðið nokkuð aðgerðar. IV. Fólk, sem hefur slasast svo mikið og alvarlega, að ekki megi vegna ríkjandi ástands sjá af hjúkrunarliði (og tækjum) handa því til tímafrekra aðgerða, sem útlit er fyrir að ekki beri árangur. Í þessum hóp er m. a. fólk með brunasár, er þekja meira en 40% líkamans, opin sár á brjósti og kviði og enn fremur sjúklingar, sem hver um sig hefur hlotið margs konar alvarleg meiðsli.

	<p>Hlutfallsskiptinguna milli hinna fjögurra ofangreindra hópa má áætla þannig, að 40% séu í I. hópnum, sem þarfnast smáaðgerðar, 20% í II. hópnum, sem þarfnast handlæknisaðgerðar þegar í stað, 20% í III. hópnum, sem fresta má læknisaðgerð við um sinn, svo fremi sem séð sé fyrir meðferð á taugaáfalli, og loks 20% í IV. hópnum, þar sem kringumstæðurnar valda því, að sjá verður hvað setur.</p>
Yfirmaður	<p>Fela verður reyndum og æfðum lækni það ábyrgðarmikla starf að greina hina slösuðu. Til aðstoðar honum þarf að vera hjúkrunarkona og ritari.</p>
Starfslið	<p>Sveitir þær, sem hafa með höndum læknisaðgerðir, verða að öðru leyti að vera skipaðar læknum og e. t. v. tannlæknum, eldri stúdentum, hjúkrunarkonum og aðstoðarfólki, auk ritara vegna skrásetningar, og fjölda manns til að bera sjúkrahörun. Sérstakur forráðamaður verður að hafa yfirumsjón með allri þessari starfsemi.</p>
Efni	<p>Sjúklingana verður að flytja svo fljótt sem verða má — þ. e. a. s. þegar þeir þola flutning lengri leið — áfram til endanlegrar lækni meðferðar, á sjúkrahús utan þess svæðis, sem tjón hefur orðið á.</p>
Skráning	<p>Á slyssavarðstöðinni verða að vera einföld deyfilyf, blóðgjafarefni, læknaáhöld, umbúðir, spelkur og gipsbindi, möguleikar til dauðhreinsunar (suðu), og stöðin verður helzt að geta látið sérstökum sjúklingum og starfsliði í té einfaldar máltíðir.</p>
Læknisskýrsla	<p>Mikilvægt er, að skrásetja sjúklingana, en skrásetningin má ekki leiða til þess, að greiningu og læknisaðgerðum seinki.</p> <p>Byrja verður á að gera <i>einfalda</i> læknisskýrslu, sem skal fylgja sjúklingnum áfram til þess staðar, sem endanleg lækningshjálp verður látin í té.</p>
	<p>Ákveða verður og merkja þegar á friðartíma, hvaða hlutverki hvert einstakt herbergi á að þjóna — en til merkingarinnar má nota sjálflýsandi málningu.</p>
Samband	<p>Sérstakt herbergi þarf að vera fyrir látið fólk og e. t. v. annað fyrir geðtruflað fólk.</p> <p>Sjá þarf fyrir þjónustu sálusorgara.</p> <p>Sjá verður fyrir sambandi við stjórn almannavarna og við önnur sjúkrahús, t. d. með hjálp sendiboða.</p> <p>Stærð stöðvarinnar þarf að miðast við, að hún geti tekið við allt að 50 sjúklingum á klukkustund.</p>
Aukalið vegna hjúkrunarstöðva	<p>Eðlilegt er, að stærri sjúkrahúsum séu gefin fyrirmæli um að skipuleggja og leiðbeina starfsliði fyrir eina slyssavarðstöð (eða tvær) aukalega. Búnað og áhöld til þessara hjúkrunarstöðva verður að geyma í nánd við bæinn, og ráðstafanir verður að gera til að hægt sé að setja þau upp í hentugum húsum, í hæfilegri fjarlægð frá slyssastað — þ. e. ekki of nálægt slíku svæði m. a. vegna eldhættu.</p>
Endanleg lækni meðferð	<p>Endanlega lækni meðferð mikið særðra er einungis hægt að framkvæma á tiltölulega rólegum svæðum. Það verður því að útvega og e. t. v. undirbúa hentugt húsnæði fyrirfram, sem nota má sem varasjúkrahús, og það þarf að vera í hæfilegri fjarlægð frá þeim svæðum, sem einkanlega er ógnað — þ. e. a. s. í 20—50 (eða fleiri) kílómetra fjarlægð.</p>
Varasjúkrahús	<p>Til verður að vera fyrir þess háttar sjúkrahús áætlun um skipulag og starfstilhögun, tiltekið, æft starfslið með lækni-</p>

menntun og aðstoðarmenn — þar með talið tæknilið. Búnað og áhöld, sem nota á, þarf að geyma á staðnum, eftir því sem við verður komið.

Sjá verður fyrir matvælabirgðum og undirbúa þarf merkingu með Rauða kross merkinu í samræmi við reglur Genfar-sáttmálans. Möguleikar til vistunar hins fjölmenna starfslíðs þurfa að vera fyrir hendi, og e. t. v. ætti að útbúa barnaheimili sem gætu gætt yngri barna starfslíðsins.

Ef varasjúkrahúsið er mjög stórt, er æskilegt, að því sé skipt í minni starfsdeildir — t. d. að hver deild hefði 200 sjúkrarúm.

Varla verður um það að ræða, að unnt verði að leita til sérmenntaðs læknis fyrstu dagana eftir árás.

Þar sem varla er hægt að gera ráð fyrir, að slyssavarðstöðin starfi mikið lengur en einn sólarhring, er áætlað, að unnt verði að flytja starfslíðið þaðan — eftir hæfilega hvíld — á staði, þar sem endanleg læknishjálp er framkvæmd, sem getur verið á sama stað, ef aðstæður leyfa — eða til varasjúkrahúsanna.

Búnaður og áhöld.

Viðbúnaðarbirgðir

Koma þarf upp viðbúnaðarbirgðum, sem í er bæði *útbúnaður* og *nauðsynjar*. Hve yfirgripsmikið þetta skuli vera, fer eftir þeim fjölda særðra, sem búast má við að veita þurfi aðstoð.

Lyf, sem þurfa að vera fyrir hendi, eru fyrst og fremst deyfilyf, svæfilyf, sóttthreinsunarlyf, pensillin og eitt einstakt fúkkalyf, er verkar á margar tegundir sýkla, blóðgjafarefni o. s. frv., en lyfjafjöldann verður að takmarka eftir því, sem unnt er, þannig að fyrir hendi séu einungis þau lyf, sem bráð-nauðsynleg eru.

Sjá verður um, að fylgst verði með og að skipti fari fram á lyfjum, er einungis þola stutta geymslu.

Sáraumbúðir verða að nokkru leyti að vera í vatnspéttum umbúðum, afmældar og tilbúnar til notkunar. Sama er að segja um gipsumbúðir.

Ætla má, að þörf á *röntgenfilmum* sé takmörkuð á ógnarstund. Þegar filmurnar eru settar til geymslu, þarf að muna eftir því, að geislavirkni getur haft áhrif á þær.

Birgðir af vissum efnum og efnasamböndum til nota á rannsóknarstofum, þurfa að vera fyrir hendi, enda þótt gera megi ráð fyrir, að takmarka verði rannsóknarstarfsemina.

Mikilvæg hjálpargögn eftir að aðalhættan er liðin hjá, eru tæki til blóðtalningar og ákvörðunar blóðkornamagns (hæmatokritbestemmelse). Birgðir *blóðvatns* til sjúkdómsgreiningar, sjúkdómsvarna og lækningar eru nauðsynlegar. Bólusetningarefni hafa minni raunhæfa þýðingu.

Birgðaskrár

Allar slyssavarðstöðvar þurfa að fá birgðaskrár, með greinilegu yfirliti um viðbúnaðarbirgðirnar ásamt leiðbeiningum um, hvernig unnt er að fá vörur endurnýjaðar. Forráðamaðurinn og æðra sett læknislið þarf að kynna sér birgðaskrárnar vandlega.

Greftrun og persónu-sönnun

Enda þótt skipulagning greftrunar sé ekki hlutverk hjúkrunarliðsins, er mikilvægt, að á slyssavarðstöðvunum séu upplýsingar um, hvernig þær geta losnað við látið fólk.

	Læknir þarf að aðstoða við likskoðun og e. t. v. persónu- sönnun eftir því sem unnt er.
Mæling á geislavirkni	Gert er ráð fyrir, að mælingu á geislavirkni verði komið á fót fyrir almannavarnir og starfsliði þeirra kennd meðferð mæl- anna. Rétt virðist, að einstaklingar innan hjúkrunarþjónust- unnar fái mælitæki og að þeim sé kennd meðferð þeirra, þannig að unnt sé að mæla geislavirkni við innganginn að slysavarð- stöðinni — að nokkru leyti til sjúkdómsgreiningar, en ekki síður til að geta framkvæmt einfalda hreinsun vegna geisla- virkni (þvott, ryksugun og þess háttar) á sjúklingum, sem fluttir eru til stöðvarinnar og orðið hafa fyrir geislun.
Að liðinni ógnarstund	Umfangsmikil eyðilegging, er hefur í för með sér háa tölu særðra og látinna, krefst þess, að allar ofangreindar ráðstafanir komi til framkvæmda í því skyni að bjarga lífi og limum manna á hættustund og næstu daga þar á eftir; en mjög fljótt mun verða þörf á annars konar læknishjálpi en þeirri, sem einungis telst til slysamedferðar — þ. e. a. s. almennum heilbrigðisráð- stöfunum. Vegna ringulreiðar, sem ógnarástandi fylgir, verður að hefja heilbrigðiseftirlit með húsum þeim, sem fólk er vistað í, neytluvörum og drykkjarvatni, mjólk, kjöti og fiski. Einnig þarf að hafa eftirlit með ástandi salerna og skólpleiðsla og gera ráðstafanir til að hindra fjölgun á rottum, óværum o. s. frv. — allt í því skyni að hindra, að farsóttir breiðist út.
Heilbrigðisráðstafanir	Auk þessa getur orðið nauðsynlegt að hafa eftirlit með mat- vörum, drykkjarvatni o. s. frv. vegna hættu á geislavirkni.
Farsóttavarnir	Nauðsynlegt er, að heilbrigðisyfirvöldunum berist þegar í í stað tilkynningar frá læknum, ef um byrjun á farsótt er að ræða. Einnig þurfa lækarnir að tilkynna um einstök tilfelli af áður óþekktum sjúkdómum.
	Í slíkum tilfellum verður að gripa til sérstakra heilbrigðis- ráðstafana og gera þarf sjúkdómsgreiningu strax, einangra sjúk- linginn og e. t. v. framkvæma sóttgreinsun, auk þess sem sjúk- lingurinn fær læknismeðferð. — Sama gildir, ef tilraun til sýkla- árásar verður gerð.
Elturgas	Að því er bezt verður vitað hafa engar sérstakar ráðstaf- anir í sambandi við hugsanlega notkun eiturgass verið gerðar í neinu NATO-landi — nema hvað gasgrímubrigðum hefur verið komið upp — aðallega fyrir almannavarnalið, sem er í þjónustu — auk birgða af sérstökum lyfjum, sérstaklega atropin — oft í sérstökum sprautum.
	Áætlanir um útvegum „almenningsgríma“ eru í þó nokkrum löndum til, lengra eða skemmra á veg komnar.
Danskar fjárveitingar	Að lokum er rétt að geta þess, að vegna umönnunar særðra og sjúkra í Danmörku, í þessu sambandi, hafa verið notaðar allt að 100 millj. d.kr. til þessa. Af þeirri upphæð hafa um það bil 17 millj. kr. verið notaðar til lyfjakaupa og um það bil 1.5 millj. kr. til kaupa á dextran. Nokkur svokölluð varasjúkra- hús (30 + 20) með öllum útbúnaði hafa verið keypt. Hvert um sig hefur 200 sjúkrarúm. Hvert þeirra hefur kostað um það bil ½ millj. d.kr. Kostnaður við að gera byggingar sjúkra- húsa, sem áður voru byggð, styrkari, hefur síðastliðin tju ár numið tuttugu milljónum króna.

Framtíðarskipulagning

Þar eð langur tími líður frá því að innkaup eru fyrst áformuð þangað til þau fara fram — og hlutunum því næst ráðstafað á réttan hátt, hefur verið mikilvægt fyrir okkur, að fjárveitingar hafa náð yfir mörg ár.

Þýðing á friðartíma

Við gerum ráð fyrir, að heilbrigðisráðstafanir okkar geti einnig haft þýðingu á friðartíma — ef um farsóttir eða náttúruhamfarir er að ræða — og að hann sé einnig mikilvægur í sambandi við viðtæka leiðbeiningu fyrir íbúana.

Við reiknum loks með, að viðbúnaðarbirgðir okkar megi einnig nota, ef heimsfriður verður einhverntíma tryggður.

Lokaorð

Ég er nokkuð hikandi að láta þessa skriflegu skýrslu frá mér fara, sem samkvæmt eðli málsins — hinum nauma tíma, sem til ráðstöfunar hefur verið — hinu yfirgripsmikla efni og mörgum óvissum þáttum og algerleg óþekktum atriðum — og loks vegna takmarkaðrar þekkingar minnar almennt og sérstaklega takmarkaðrar og ónógrar þekkingar á íslenskum aðstæðum — hlýtur að vera með villum og undanfellingum, sem e. t. v. eru augljósar.

Ég leyfi mér samt sem áður að vona, að skýrslan geti, þrátt fyrir allt, hjálpað við umræður um þessi erfiðu viðfangsefni og vandleystu verkefni, sem við getum ekki lokað augunum fyrir.

Það er ekki þörf að geta þess, að okkur í Danmörku væri ánægja að því að geta veitt frekari aðstoð við skipulagningu fyrirhugaðra almannavarna.

Ég er sannfærður um, að ef Íslendingar óska þess og vilja taka virkan þátt í framkvæmd þessa máls, og ef ríkissjórn og Alþingi vilja styðja það og veita nægilegt fé til framkvæmdanna, muni embættismenn landsins — læknar og annað hjúkrunarlið — geta skipulagt á næstu árum starfsemi, sem á ófriðartímum er fær um að veita særðum og sjúkum aðhlynningu, og þannig takmarkað illar afleiðingar þeirrar styrjaldar, sem við öll vonum að aldrei komi — en sem okkur samt sem áður virðist vera skylt að vera viðbúin.